

AÐEINS MEIRA UM
EINKAVÆÐINGU
BÚNAÐARBANKANS

Heiðar Lind Hansson

Formáli

Ritgerðin sem hér birtist var unnin á árunum 2012-2014. Aðdragandinn að ritun hennar má rekja til ársins 2011 þegar ég óskaði fyrst eftir aðgangi að gögnum S-hópsins sem snertu kaup hans á kjölfestuhlut í Búnaðarbankanum. Þetta var liður í stærri gagnaöflun um aðdraganda bankahrunsins 2008 og þróun íslensks viðskiptalífs eftir 1980 sem ég hef haft áhuga á að skoða, einkum eftir að hrunið dundi yfir.

Útgáfa skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis árið 2010 ýtti við mér varðandi skrif um einkavæðinguna sem og umfjallanir sem birst hafa um málið undanfarin ár. Einkavæðingin verðskuldar nánari skoðun, en eins og rakið er í ritgerðinni vantaði vitnisburð og gögn frá S-hópnum sjálfum í skýrslu rannsóknarnefndarinnar sem og í þeim skrifum sem birst hafa um hana.

Árið 2012 fékk ég aðgang að gögnum frá S-hópnum og um leið hóf ég að afla frekari gagna sem tengdust einkavæðingu Búnaðarbankans, Landsbankans og Fjárfestingabanka atvinnulífsins (FBA), m.a. úr gagnasafni framkvæmdanefndar um einkavæðingu í forsætisráðuneytinu.

Upphaflegt markmið var að birta efni ritgerðarinnar á fræðilegum vettvangi eða sem kafla í bók um þróun íslensks viðskiptalífs eftir 1980. Ekki vannst hins vegar tími til að búa efnið til slíkrar birtingar sökum anna, en ég hef unnið að því meðfram vinnu. Aðstandendur vefsíðunnar Söluferli.is buðu mér hins vegar að birta ritgerðina á síðunni meðfram öðrum gögnum um einkavæðingu Búnaðarbankans. Við því var orðið og birtist hún því þar.

Febrúar, 2017

Heiðar Lind Hansson, sagnfræðingur

Inngangur

Fá mál hafa verið jafn umdeild í íslensku stjórn mála- og viðskiptalífi á síðustu árum og sala íslenskra stjórnvalda á kjölfestuhlutafé sínu í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands áramótin 2002-2003. Salan fór fram í opnu söluferli sem hófst í júlíbyrjun 2002 sem Framkvæmdanefnd um einkavæðingu¹ annaðist í umboði þáverandi ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks undir forsæti Davíðs Oddssonar. Fimm fjárfestahópar tóku þátt í upphafi en einkavæðingarnefnd valdi hins vegar þrjá þeirra til formlegra viðræðna um sölu á kjölfestuhlut í Landsbankanum, en honum hafði verið sýndur meiri áhugi af hópunum. Þetta voru svonefndur S-hópur, myndaður af nokkrum félögum og sjóðum sem áttu rætur að rekja til íslensku samvinnuhreyfingarinnar, norðlenska fjárfestingafélagið Kaldbakur hf., sem einnig átti bakgrunn í sömu hreyfingu, og kaupsýslumennirnir þrír, Björgólfur Guðmundsson, Björgólfur Thor Björgólfsson og Magnús Þorsteinsson², sem þá höfðu nýlega getið sér orð fyrir fjárfestingar sínar í Rússlandi. Fulltrúar HSBC bankans í Bretlandi, sem var ráðgjafi einkavæðingarnefndar í söluferlinu, mátu þremmenningana hæfasta bjóðandann og voru þeir því valdir til viðræðna við nefndina um Landsbankahlutinn. Þær enduðu með undirritun kaupsamnings á gamlársdag 2002 þar sem eignarhaldsfélag þeirra, Samson eignarhaldsfélag ehf., keypti 45,8% kjölfestuhlut í bankanum. Á meðan héldu Kaldbakur og S-hópurinn áfram viðræðum við einkavæðingarnefnd þar sem þeim var boðið að leggja fram tilboð í kjölfestuhlut í Búnaðarbankanum. Það gerðu þeir og mátu ráðgjafar HSBC hópana á nýjan leik. Eftir athugun á tilboðunum kváðu ráðgjafarnir að S-hópurinn væri

1 Hér eftir nefnd einkavæðingarnefnd.

2 Þegar þremmenningarnir gengu frá kaupum á kjölfestuhlutnum í Landsbankanum höfðu þeir stofnað félagið Samson eignarhaldsfélag hf. Vegna þessa hafa þeir jafnan verið kallaðir „Samson hópurinn“ eða „Samson“. Stuðst verður við þá nafngift í greininni.

eftirsóknarverðri kaupandi fyrir stjórnvöld.

Einkavæðingarnefnd valdi því hann til frekari viðræðna sem endaði með því að samningar tókust um sölu á 45,8% eignarhlut í bankanum. Samningur þess efnis var undirritaður 16. janúar 2003 eða tæpum hálfum mánuði eftir að Samson festi kaup á kjölfestuhlut sínum í Landsbankanum.

Eftir að Fjármálaeftirlitið samþykkti báða kaupsamninga tóku nýju eigendurnir við stjórnartaumunum í bönkunum tveimur á aðalfundum þeirra, Samson í febrúar og S-hópurinn í mars. Fáeinum dögum eftir að fulltrúar S-hópsins tóku sæti í bankaráði Búnaðarbankans barst þeim ósk um samrunaviðræður frá stjórn fjárfestingabankans Kaupþings. Nýtt bankaráð Búnaðarbankans samþykkti hana og eftir snarpar viðræður leit samrunaáætlun dagsins ljós sem samþykkt var af stjórnnum beggja banka um miðjan apríl. Hluthafafundir samþykktu loks samrunann eftir að Samkeppnisráð og Fjármálaeftirlitið heimiluðu hann. Í sumarbyrjun 2003 var því Búnaðarbankinn orðinn að Kaupþingi Búnaðarbanka hf., stærsta banka Íslendinga, tæpu hálfu ári eftir að stjórnvöld höfðu selt kjölfestuhlut sinn í honum.

Markmið greinarinnar sem hér birtist er að freista þess bregða ljósi á þátttöku S-hópsins í söluferlinu sem markaði, í það minnsta um stundarsakir, endalok íslenska ríkisins í hefðbundnum bankarekstri. Aðkoma hópsins að söluferlinu hefur nú þegar fengið allnokkra umfjöllun í skrifum um einkavæðingu

ríkisbankanna á undanförunum árum, í fjölmiðlum³, stjórnarsýsluúttektum⁴ og í greinum sagnfræðinga⁵.

Margvíslegar ályktanir um einstaka þætti í aðdraganda og eftirmála sölunnar á kjölfestuhlut í Búnaðarbankanum hafa verið dregnar í skrifum um hann. Sumir hafa m.a. haldið því fram að S-hópurinn hafi fengið að kaupa Búnaðarbankann sökum meintra persónulegra og pólitískra tengsla forystumanna hópsins við Framsóknarflokkinn sem þá sat í ríkisstjórn. Aðrar skýringar eru að hópurinn hafi „löngu fyrir einkavæðingu“ verið búinn að semja um sameiningu Búnaðarbankans við Kaupþing og að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser, sem varð meðlimur S-hópsins í gegnum eignarhaldsfélagið Eglu hf. á lokametrum söluferlisins, hafi ekki verið „raunverulegur eigandi bréfanna í bankanum“.⁶ Þessi skrif eru hins vegar þeim takmörkunum háð

3 Sigríður Dögg Auðunsdóttir, „Símtal breytti bankasölnunni“, *Fréttablaðið* 28. maí 2005, bls. 34-35; Sigríður Dögg Auðunsdóttir, „Gleymdist að ræða veðrið“, *Fréttablaðið* 29. maí 2005, bls. 14-15; Sigríður Dögg Auðunsdóttir, „Sex daga stríðið um yfirráð í VÍS“, *Fréttablaðið* 30. maí 2005, bls. 10-11; Sigríður Dögg Auðunsdóttir, „Seldu fyrir en kaupsamningur kvað á um“, *Fréttablaðið* 31. maí 2005, bls. 14-15; Þórður Snær Júlíusson, „Búnaðarbankanum stýrt í rétta átt“, *Morgunblaðið* 23. mars 2009, bls. 12-15.

4 *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. 1. bindi (Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis 2010), bls. 227-306; *Einkavæðing helstu ríkisfyrirtækja árin 1998-2003*. (Reykjavík: Ríkisendurskoðun 2003), bls. 53-74; *Einkavæðing 1999-2003. Skýrsla framkvæmdanefndar um einkavæðingu*. (Reykjavík: Framkvæmdanefnd um einkavæðingu 2003), bls. 25-33; *Greinargerð um útboð á fjórðungshlut ríkisins í Landsbanka Íslands hf.* (Reykjavík: Ríkisendurskoðun 2002).

5 Björn Jón Bragason, „Sagan af einkavæðingu Búnaðarbankans“, *Saga* XLIX:2 (2011), bls. 100-136; Helgi Skúli Kjartansson, „Í tröllahöndum: Um einkavæðingu Búnaðarbankans“, *Saga* XLX:1 (2012), bls. 125-142. Einnig hefur lítillaga verið vikið að kaupum S-hópsins í skrifum um aðdraganda bankahrunsins 2008 sem birst hafa á undanförunum árum. Sjá t.d. Þröstur Olaf Sigurjónsson, „Privatisation and deregulation. A chronology of events.“ *Preludes to the Icelandic Financial Crisis*. Ritstj. Robert Z. Aliber og Gylfi Zoega (Houndmills, Basingstoke. New York, NY: Palgrave Macmillan 2011), bls. 28-30; Eiríkur Bergmann Einarsson, *Iceland and the International Financial Crisis. Boom, bust and Recovery*. Bókin er hluti af ritröðinni International political economy series. (Basingstoke: Palgrave Macmillan 2014), bls. 69; Guðrún Johnsen, „Bankakerfið knésett“, *Skírnir*, 188. ár (vor 2014), bls. 16-19.

6 Þessu er einkum haldið fram í skrifum Sigríðar Daggar Auðunsdóttur, Björns Jóns Bragasonar og Þórðar Snæs Júlíussonar sem vísað er til hér að ofan.

að þau byggja að nær engu leyti á heimildum frá kaupendum, S-hópnum sjálfum: á skjölum, öðrum gögnum eða vitnisburði þeirra einstaklinga sem fyrir honum fóru. Með einföldum hætti mætti því segja að gloppa leynist í heimildagrunni þessarar sögu og því er ætlunin hér að reyna að fylla í hana.

Greinin er skrifuð á grunni fjölbreyttra heimilda. Að meginstofni er stuðst við áður nefnd gögn úr skjalasafni Kers, en einnig viðtöl við nokkra fulltrúa fyrirtækisins sem leiddu för innan S-hópsins og gögn úr skjalasafni einkavæðingarnefndar sem gerð voru aðgengileg almenningi árið 2009.

Efnistöð afmarkast að stærstum hluta frá upphafi söluferli kjölfestuhlutanna sem var í júlí 2002 og fram að samruna Kaupþings banka og Búnaðarbankans vorið 2003. Á stökustað er þó skyggst yfir afmörkunina þar sem nokkrir þræðir þessarar sögu teygja sig bæði aftar í fortíð og lengra í framtíð.

Baksvið einkavæðingar bankanna

Sala á svokölluðu kjölfestuhlutafé íslenska ríkisins í Landsbankanum og Búnaðarbankanum hófst formlega með auglýsingu einkavæðingarnefndar hinn 10. júlí 2002. Í auglýsingunni óskaði nefndin eftir áhugasömum fjárfestum, bæði innlendum og erlendum, til að kaupa að minnsta kosti 25% hlut í öðrum hvorum bankanum með það að markmiði að efla þá og um leið samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði. Fjárfestar skildu gera grein fyrir áformum sínum með bankana, fjárhagsstöðu, þekkingu og reynslu á fjármálamarkaði og leggja fram tillögu að kaupverði. Tekið var fram að annar bankinn yrði seldur fyrst, hinn síðar á árinu. Ekki var tilgreint í hvorum bankanum yrði selt fyrst.⁷

7 Vef. „Einkavæðing Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Fréttaflokkur: Fyrirtækjafréttir“, www.news.icex.is, 10. júlí 2002, sótt 22. október 2013.

Með auglýsingunni hófst í reynd nýr áfangi í einkavæðingarferli ríkisbankana sem staðið hafði yfir með hléum frá árinu 1998. Áform um að selja ríkisbankanna höfðu þó verið í umræðunni um nokkurt skeið en þó án þess að málið kæmist til framkvæmda. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins (1991-1995) – Viðeyjarstjórnin – undir forsæti Davíðs Oddssonar skoðaði t.d. strax á fyrsta starfsvetri sínum að hlutafélagavæða Landsbankann og Búnaðarbankann. Markmiðið með því væri að einkavæða þá og boðaði Davíð Oddsson forsætisráherra svo dæmi sé tekið hlutafélagavæðingu Búnaðarbankans og sölu hans í áramótgrein í *Morgunblaðinu* í árslok 1991.⁸ Sama ár hafði Seðlabankinn að beiðni Jóns Sigurðssonar, þáverandi viðskiptaráðherra Alþýðuflokksins, látið ráðgjafarfyrirtækið Spicer & Oppenheim vinna fyrir sig skýrslu um mögulega einkavæðingu ríkisbankanna. Niðurstaða skýrslunnar var sú að selja bæri bankana.⁹ Af þessum ráðagerðum Viðeyjarstjórnarinnar var þó ekki á valdatíma hennar.¹⁰

Ýmislegt knúði á um að einkavæðing ríkisbankanna væri fýsileg stefna hér á landi á þessum tíma. Sterklega má ætla að reynslan af banka og fjárfestingasjóðarekstri hins opinbera á níunda áratugnum hafi haft töluvert um þetta að segja. Viðhorfsbreytingu í þessum efnum má kenna á árunum í kringum 1990 en þá fór að bera á meiri umræðu um „fjárfestingaslys“ í opinberri umræðu. „Slysin“ voru margþætt en komu einkum til vegna fjárfestinga hinna ýmsu fjárfestingasjóða stjórnvalda og útlánastefnu ríkisbankanna.¹¹ Samkvæmt skýrslu nefndar um

8 Davíð Oddsson, „Við áramót“, *Morgunblaðið* 31. desember 1991, bls. 29.

9 „Búnaðarbankinn verður seldur“, *DV* 26. júní 1991, bls. 56; „Spurning um tíma“, *DV* 27. júní 1991, bls. 2.

10 „Búnaðarbankinn ekki seldur“, *Tíminn* 13. mars 1993, bls. 1.

11 Vef. Magnús Sveinn Helgason, *Íslenskt viðskiptalíf – breytingar og samspil við fjármálakerfið. Viðauki 5, birtur með skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis*, 2010, www.rna.is/media/skjol/RNAvefVidauki5.pdf, sótt 16. janúar 2014, bls. 24-28.

fortíðarvanda ríkissjóðs árið 1991, „Fortíðarvandanefndar“ eins og hún var gjarnan kölluð, reyndist uppsafnað tap hins opinbera af ýmsum fjárfestingaverkefnum fram til 1991 vera um 17,8 milljarðar króna svo dæmi sé tekið. Nefndin hafði verið mynduð af Viðeyjarstjórninni strax og hún tók við völdum til að ná utan um hin meintu „fjárfestingaslys“. Til samanburðar var eigið fé Landsbankans um 3,6 milljarðar króna árið 1992.¹²

Áform um sölu ríkisbankanna komst aftur á dagskrá í valdatíð ríkisstjórna Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins á árunum 1995–2003 og fundu þau sér stað í stefnuyfirlýsingum þeirra bæði 1995 og 1999. Árið 1997 unnu flokkarnir að því að hlutafélagavæða ríkisbankana með setningu nýrra laga á Alþingi um starfsemi þeirra¹³ auk þess sem þeir stóðu að því að stofna þriðja ríkisbankann, Fjárfestingabanka atvinnulífsins (FBA), á grunni samruna fjögurra opinberra fjárfestingasjóða.¹⁴

Áhugi á bönkunum lét ekki á sér standa eftir þetta og strax árið 1998 voru kaupendur farnir að knýja dyra hjá stjórnvöldum. Í júní það ár setti sænski bankinn Skandinaviska Enskilda Banken (SEB) sig í samband við stjórnvöld og lýsti yfir vilja sínum til að taka þátt í endurskipulagningu á íslensku fjármálakerfi með kaupum á Landsbankanum. Í framhaldinu áttu sér stað viðræður milli stjórnvalda og bankans um möguleg kaup en af þeim var þó ekki og réði þar mestu andstaða Davíðs Oddssonar forsætisráðherra.¹⁵ Auk SEB

12 Sama heimild.

13 Sjá lög nr. 50/1997.

14 Þetta voru Fiskveiðasjóður Íslands, lðnlánasjóður, lðnþróunarsjóður og Útflutningslánasjóður.

15 *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir. Rannsóknarnefnd Alþingis*. 1. bindi, bls. 230-232. Í skýrslu nefndarinnar koma fram ýmsar ástæður fyrir því hvers vegna viðræðunum var slitið. Þar segir m.a. að skiptar skoðanir um einstök samningsákvæði á borð við kauprétt hafi leitt viðræður í strand, að verðið sem SEB bauð hafi verið of lágt og að niðurstöður áreiðanleikakönnunar sem sænski bankinn lét framkvæma á Landsbankanum hafi dregið úr áhuga bankans. Mestu hefur þó ráðið að ekki

lýstu innlendar fjármálastofnanir yfir áhuga að fá að kaupa eignarhluti í einhverjum ríkisbankanna þriggja með það að markmiði að hagræða í fjármálakerfinu. Þetta gerðu Íslandsbanki sem lagði fram tilboð um kaup á öllum Búnaðarbankanum og hópur sparisjóða sem óskaði eftir viðræðum um möguleg kaup á öllum eignarhlut ríkisins í FBA. Að auki hafði yfirstjórn Búnaðarbankans óskað eftir viðræðum um kaup á FBA.¹⁶

Skömmu eftir að viðræðum við SEB var hætt hófu stjórnvöld að selja hlutafé í öllum þremur ríkisbönkunum og var stuðst við sérstaka stefnumótun við framkvæmd sölunnar sem ráðherranefnd um einkavæðingu mótaði.¹⁷ Stefnumótunin var kynnt til leiks í ágúst 1998. Samkvæmt henni skyldi m.a. að selja hlutafé í bönkunum í dreifðri eignarsölu til almennings og til svonefndra „kjölfestufjárfesta“ sem kaupa skildu nægjanlegt hlutafé til að mynda kjölfestu – í reynd meirihlutavald – í hluthafahópi bankanna. Einnig skyldi þess freistað að erlendir fjárfestar yrðu á meðal þátttakenda við söluna. Markmiðið með breytingunum var m.a. að ná fram ódýrari þjónustu á fjármáلامarkaði, hámarka verðmæti á hlutafé ríkisins í bönkunum og efla samkeppni. Samkvæmt úttekt Þjóðhagsstofnunnar og áætlunum viðskiptaráðuneytisins, sem hafðar voru til hliðsjónar við stefnumótunurvinnuna, mátti ná fram allt að

var samstaða í ríkisstjórninni um málið. Í skýrslunni segir Davíð Oddsson þáverandi forsætisráðherra að sennilega hafi hann borið mesta ábyrgðina á því að viðræðum var slitið. Hann kvaðst söluaðferðinni andvígur þar sem hann taldi að selja ætti bankana í opnu og gegnsæu ferli þar sem allir áhugasamir gætu tekið þátt.

16 „Þetta er ekki rétti tíminn til þess að selja“, *Morgunblaðið*, 29. ágúst 1998, bls. 30-31.

17 Hér eftir nefnd „ráðherranefndin“. Í nefndinni sátu á þessum tíma Davíð Oddsson forsætisráðherra, sem var formaður hennar, Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Geir H. Haarde fjármálaráðherra og Finnur Ingólfsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Eftir að Finnur hætti afskiptum af stjórn máli í árslok 1999 tók Valgerður Sverrisdóttir við sæti hans í nefndinni en hún varð þá iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Í lok september 2002 var Finnur ráðinn forstjóri Vátryggingafélags Íslands (VÍS) og var hann fulltrúi fyrirtækisins innan S-hópsins þegar tryggingafélagið gerðist hluti af honum og tók þátt í kaupunum á kjölfestuhlut í Búnaðarbankanum.

tveggja milljarða króna sparnaði í bankakerfinu með þessari stefnu.¹⁸

Í fyrstu áföngum söluférlisins studdust stjórnvöld við báðar söluaðferðir. Hlutabréf voru seld í dreifðri eignaraðild í opnum áskriftarútboðum í öllum þremur ríkisbönkunum í nokkrum lotum árin 1998-1999.¹⁹ Mestu athyglina af þeim fékk útboðið í FBA sem fram fór í október-nóvember 1998. Þar var 49% af hlutafé bankans boðið til sölu. Útboðið gekk vel í fyrstu og eignuðust tæplega 11.000 einstaklingar hluti í bankanum. Markmið stjórnvalda með sölunni runnu hins vegar út í sandinn því þegar frá leið höfðu hinir seldu eignarhlutir í FBA skipt um hendur og voru um 22% af hlutafénu komin í eigu sparisjóðanna fyrir milligöngu Kaupþings strax í desember sama ár. Réði mestu um þetta að Kaupþing framkvæmdi söfnun á einstaklingum til að skrá sig fyrir hlutum í útboðinu sem bankinn keypti svo tilbaka um leið. Söfnunin fékk nafnið „kennitölusöfnunin“ og þótti verulega umdeild.²⁰ Spunnust töluverðar umræður um hana í þjóðfélaginu í kjölfarið og var hún m.a. sögð ekki í samræmi við góða viðskiptahætti þrátt fyrir að vera lögleg.²¹ Sérstök óánægja var einnig meðal

18 „Stefnumótun ríkisstjórnarinnar um sölu ríkisbanka“, *Morgunblaðið*, 29. ágúst 1998, bls. 12.

19 Framkvæmd og eftirmálar áskriftarútboðs stjórnvalda á hlutum í FBA olli nokkrum deilum á sínum tíma og eru út af fyrir sig sjálfstætt rannsóknarefni fyrir sagnfræðinga. Sjá yfirlit um sölu á FBA í Magnús Sveinn Helgason, *Íslenskt viðskiptalíf – breytingar og samspil við fjármálakerfið*, bls. 59-63.

20 Ármann Þorvaldsson, sem þá starfaði hjá Kaupþing, lýsir kennitölusöfnuninni svo í bók sinni *Ævintýraeyjan. Uppgangur og endalok fjármálaveldis árið 2009*: „Hlutaðeigandi aðili skráði sig fyrir hlutabréfum í útboðinu á genginu 1,40 krónur og seldi okkur hlutinn samtímis á genginu 1,45. Innan fjögurra tíma hafði okkur tekist að kaupa áskrift af þúsundum einstaklinga og ná 14 prósent eignarhlut. Þarna var til hið fræga hugtak „kennitölusöfnun“. Í framhaldinu, við lok árs 1998, höfðu sparisjóðirnir eignast eignarhlutinn sem þá var orðinn 22 prósent og sett hann í eignarhaldsfélag sem var kallað Scandinavian Holding, en Kaupþing átti einnig hlut í því.“

21 Vef. Magnús Sveinn Helgason, *Íslenskt viðskiptalíf – breytingar og samspil við fjármálakerfið*, bls. 61-62.

stjórnmalamanna með hvernig eignarhald á bankanum hafði þjappast á fárra hendur eftir söluna.²²

Ólafur Davíðsson, sem var í einkavæðingarnefnd á þessum tíma og síðar formaður hennar frá 2002-2004, segir að reynslan af kennitölusöfnun Kaupþings í sölu FBA hafi kennt stjórnvöldum að markmiðið um dreift eignarhald í bönkunum var óraunhæft. Úrræði stjórnvalda til að takmarka eignarhluti hluthafa í bönkum hafi í reynd verið annmörkum háð, ekki síst vegna reglna frá Evrópska efnahagssvæðinu. Salan á FBA sló einfaldlega á teóriuna um dreifða eignaraðild að mati Ólafs og því hafi meira verið horft til þess að selja kjölfestuhlut eftir þetta.²³

FBA var loks að fullu seldur til kjölfestufjórðinga í árslok 1999 í opnu útboði. Vorið eftir sameinaðist bankinn Íslandsbanka. Í kjölfar sameiningarinnar fór umræða af stað í þjóðfélaginu um frekari hagræðingu í bankakerfinu til að mynda nauðsynlegt mótvægi við hinn stóra sameinaða banka sem tók upp nafnið ÍslandsbankiFBA.²⁴ Á þeim nóttum komst samruni Landsbankans og Búnaðarbankans á dagskrá og ákváðu bankaráð þeirra að sameina þá í einn í nóvemberbyrjun árið 2000.²⁵ Þær áætlanir gengu hins vegar ekki eftir þar sem Samkeppnisráð úrskurðaði samrunann ólögmætan nokkrum vikum eftir að hann var kynntur. Ráðið taldi sameiningu bankanna leiða til of mikillar samþjöppunar á fjármálamarkaði, enda báðir bankar þá að stærstum hluta viðskiptabankar.²⁶

Einkavæðingin lá eftir þetta í dvala fram á næsta sumar en þá ákváðu stjórnvöld að freista þess að selja erlendum banka kjölfestuhlut í Landsbankanum. Einkavæðingarnefnd fékk til

22 Sjá yfirlit um söluna á FBA í Magnús Sveinn Helgason, *Íslenskt viðskiptalíf – breytingar og samspil við fjármálakerfið*, bls. 59-63.

23 *Viðtal*. Höfundur við Ólaf Davíðsson, 5. febrúar 2013

24 Sjá t.d. „Ný viðhorf á fjármálamarkaði“, *Morgunblaðið*, 5. apríl 2000, bls. 32.

25 „Eigið fé sameinaðs banka 22 milljarðar“, *Morgunblaðið*, 7. nóvember 2000, bls. 22.

26 *Samkeppnisráð*. Álit nr. 8/2000.

liðs við sig erlendan ráðgjafa til aðstoðar og var breski HSBC bankinn fenginn til verksins. Í þessari atrennu höfðu stjórnvöld samband við 24 alþjóðlega banka sem komu víða að, m.a. frá Bandaríkjunum, Norðurlöndunum og meginlandi Evrópu. Áhugi bankanna reyndist hins vegar takmarkaður því einungis tveir bankar tóku boðinu. Það voru Den Norske Bank í Noregi og bandaríska fjármálastofnunin Philadelphia International Investment Corporation (PIIC), dótturfélag bandaríska stórbankans Wachovia.²⁷ PIIC var um þetta leyti næststærsti hluthafi Landsbankans á eftir íslenska ríkinu með um 4,24% eignarhlut.²⁸ Viðræður stjórnvalda við banka skiluðu takmörkuðum árangri og var söluferlinu slegið á frest í desember 2001 „þar til síðar“ eins og það var orðað í fréttatilkynningu frá einkavæðingarnefnd. Erfiðum markaðsskilyrðum var kennt um hvernig fór, en nokkur óvissa var á alþjóðlegum fjármálamörkuðum þennan vetur í kjölfar hryðjuverkaárásanna á tvíburaturnanna í New York í Bandaríkjunum 11. september 2001.²⁹ Að sögn Ólafar Davíðssonar hafði einnig áhrif að erlendir fjárfestir litu á kaup á Landsbankanum sem lítið verkefni sem gæti möguleg kallað á mikla vinnu sem ekki svaraði kostnaði.³⁰ Hléið stóð þó stutt yfir því eftir einungis fáeina mánuði ákváðu stjórnvöld að selja 20% af hlutafé Landsbankans í opnu áskriftarútboði með sama hætti og gert var árin 1998-1999. Útboðið fór fram 14. júní 2002 og seldist allt hlutaféð.

27 Þórður Snær Júlíusson, „Tilraun til að selja erlendum bönkum“, *Morgunblaðið*, 22. mars 2009, bls. 12.

28 Vef. „Landsbanki Íslands hf. – Tíu stærstu hluthafar“, www.news.icex.is, 16. júlí 2001, sótt 22. október 2013.

29 Vef. „Sölu hlutabréfa í Landsbanka Íslands hf. til kjölfestufjárfestis frestað“, www.news.icex.is, 21. desember 2001, sótt 22. október 2013.

30 *Viðtal*. Höfundur við Ólaf Davíðsson, 5. febrúar 2013

Samson setur kjölfestusölu af stað

Áhugi stærri fjárfesta tók nú að gera vart við sig. Tæpum tveimur vikum eftir júníútboðið, hinn 27. júní, barst einkavæðingarnefnd bréf frá feðgunum Björgólfi Guðmundssyni og Björgólfi Thor Björgólfssyni og viðskiptafélaga þeirra Magnúsi Þorsteinssyni þar sem þeir lýstu yfir áhuga á að eignast að minnsta kosti 33,3% hlut í Landsbankanum. Aðdragandinn að sendingu bréfsins var þannig að Björgólfur Thor og Magnús höfðu hitt fulltrúa HSBC bankans fyrir tilviljun í kokteilboði í Lundúnum fyrr um veturinn um það leyti sem þeir voru að ganga frá sölu á bjórverksmiðju sinni í Pétursborg í Rússlandi. Fulltrúinn hafi tjáð þeim að HSBC hefði ennþá umboð íslenskra stjórnvalda til að selja bankann, en umboðið var endurnýjað þegar einkavæðingarnefnd framlengdi samning sinn við HSBC bankann 14. febrúar 2002. Þar fékk HSBC heimild til að kynna sölu á Landsbankanum óformlega.³¹ Skömmu síðar hafi Björgólfur Thor og Magnús verið í öðru boði sem haldið var í Heritable bankanum í sömu borg. Bankinn var þá í eigu Landsbankans. Þar hittu þeir Halldór J. Kristjánsson bankastjóra Landsbankans og Kjartan Gunnarsson varaformann bankaráðs og framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins sem sögðu þeim að til stæði að fara selja hluti ríkisins í Landsbankanum á næstunni. Í framhaldinu settu þeir Björgólfur Thor og Magnús ásamt Björgólfi Guðmundssyni sig í samband við Ólaf Davíðsson, formann einkavæðingarnefndar, og Davíð Oddsson forsætisráðherra vegna Landsbankans. Eftir samtölin hafi þremmingarnir sent einkavæðingarnefnd bréfið.³²

31 *Forsætisráðuneytið. Skjöl framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Málsnúmer EVN01060001. Minnisblað framkvæmdanefndar um einkavæðingu til viðskiptaráðherra. Efni: Einkavæðing banka og tilboð í Landsbankann. Dags. 30. júní 2002, bls. 5.*

32 *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir, 1. bindi, bls. 242; Björn Jón Bragason, „Sagan af einkavæðingu Búnaðarbankans”, bls. 103.*

Nefndin ræddi á fundi sínum 30. júní hvort hefja skyldi viðræður við þremmenningana á grunni söluumboðsins frá 2001 og voru skiptar skoðanir um málið meðal nefndarmanna. Þó varð úr að leggja það til við viðskiptaráðherra, sem þá var framsóknarkonan Valgerður Sverrisdóttir, að hefja skyldi viðræður við Samson á grunni umboðsins frá árinu áður.³³ Tillögunni hafnaði hins vegar ráðherra og segir í minnisblaði frá viðskiptaráðuneytinu til einkavæðingarnefndar 2. júlí 2002 að ferlið skuli „skilgreint á ný“ og öðrum aðilum gefinn kostur á að senda inn tilboð. Um þetta sagði í minnisblaðinu: „Beinar viðræður án undangengins útboðs eru ekki til þess fallnar að skapa nauðsynlega sátt um einkavæðingu bankanna.“³⁴ Ráðherranefndin fjallaði um málið í framhaldinu og ákvað að fela einkavæðingarnefnd að auglýsa kjölfestuhlut í Landsbankanum á nýjan leik. Kjölfestuhlutur í Búnaðarbankanum skyldi einnig auglýstur um leið.³⁵

Bankaráð Búnaðarbankans skoðar sviðið

Þegar hér var komið við sögu hafði formleg sala á hlutafé íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum ekki átt sér stað um tæpt þriggja ára skeið, eða síðan í nóvember árið 1999. Hlutafé ríkisins í bankanum hafði þó þynnst í þrigang síðan þá og má

33 *Forsætisráðuneytið*. Skjöl framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Málsnúmer EVN01060001. Minnisblað framkvæmdanefndar um einkavæðingu til viðskiptaráðherra. Efni: Einkavæðing banka og tilboð í Landsbankann. Dags. 30. júní 2002, bls. 9. Í minnisblaðinu rekur nefndin rök með og á móti því að hefja viðræður við Samson á grunni 2001 umboðsins. Þar kemur m.a. fram að nefndin hafi allan fyrirvara á leiðinni eins og kemur fram í niðurstöðukafla minnisblaðsins: „Það er í fullu samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og fyrri yfirlýsingar við einkavæðingu bankanna að ganga til samningaviðræðna við tilboðsgjafa [Samson]. Beinar viðræður við tilboðsgjafa án þess að þær séu settar í samhengi við það sölufarli sem ákveðið var í fyrra eru þó mjög varhugaverðar. Því er eindregið lagt til, sé það vilji ráðherra að ganga til viðræðna, að sölufarlið frá því í fyrra verði hafið að nýju og tilboðsgjafar verði metnir með sama hætti og gert var ráð fyrir í því ferli.“

34 *Forsætisráðuneytið*. Skjöl framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Málsnúmer EVN01060001. Minnisblað viðskiptaráðuneytis til framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Efni: Einkavæðing banka og tilboð í Landsbankann. Dags. 2. júlí 2002, bls. 1.

35 *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, 1. bindi, bls. 238-239.

Því segja að þar hafi bankinn verið einkavæddur með óbeinum hætti. Þetta gerðist þegar Búnaðarbankinn sameinaðist tveimur félögum, eignarleigufélaginu Lýsingu árið 2001 og fjárfestingafélaginu Gildingu í ársbyrjun 2002. Við sameininguna fengu hluthafar Lýsingar og Gildingar afhent ný hlutabréf í Búnaðarbankanum í staðinn fyrir eignarhluti sína í félögunum tveimur.³⁶ Að auki þynntist hlutafé ríkisins lítillega þegar gefið var út nýtt hlutafé til að fjármagna stofnun dótturbanka Búnaðarbankans í Lúxemborg árið 2000.³⁷

Skömmu eftir samruna Búnaðarbankans og Gildingar áttu sér stað þreifingar að frumkvæði bankaráðs Búnaðarbankans um myndun á hópi fjárfesta til að kaupa hluti í bankanum sem notið gæti „viðtækrar sáttar“ eins og það var orðað í fréttaskýringu í *Fréttablaðinu* um einkavæðingu ríkisbankana í janúar 2003.³⁸ Lykilmaður í þessum hópi var sagður vera Björgólfur Guðmundsson en auk hans áttu lífeyrissjóðir og „aðrir sterkir viðskiptamenn bankans“ að tilheyra honum. Ekki hefur þó komið fram hvaða aðrir aðilar mynduðu þennan hóp. Vilji bankaráðsins var að hópurinn hefði ekki einlitt pólitískt yfirbragð og taldi ráðið að stjórnarflokkarnir ásamt stjórnarandstöðu og verkalyðshreyfingunni „yrðu ekki mótfallin þessum hópi.“ Ekkert varð hins vegar af þessum ráðagerðum þegar á reyndi og sagði í fréttaskýringunni að Davíð Oddsson forsætisráðherra hafi ekki verið tilbúinn að selja hópnum bankann.³⁹

Eftirspurn eftir hlutabréfum í Búnaðarbankanum hélt þó áfram þrátt fyrir þessa niðurstöðu og gaf lausleg könnun stjórnenda bankans meðal nokkurra fjárfesta í júní 2002 það sterklega til

36 *Einkavæðing 1999-2003*, bls. 25-33.

37 *Alþingistiðindi 2000-2001*, þskj. 817 – 521. mál, bls. 3318.

38 „Fimmtíu milljarða einkavæðing“, *Fréttablaðið*, 25. janúar 2003, bls. 14.

39 Magnús Gunnarsson, sem var formaður bankaráðs Búnaðarbankans 2001-2002, hefur staðfest þetta við höfund.

kynna. Tilefni hennar var möguleg sala á hlutabréfum bankans sem var rædd á fundi í einkavæðingarnefnd 24. júní, þremur dögum áður en bréf Samson manna barst nefndinni. Á fundinum skoðaði nefndin hvort selja ætti 20% eignarhlut í Búnaðarbankanum í dreifðri sölu í september líkt og gert var með álíka hlut í Landsbankanum nokkrum dögum áður. Í framhaldinu af fyrirhuguðu útboði yrði kjölfestuhlutur í Búnaðarbankanum boðinn til sölu. Þar sem fundurinn var liður í samráði nefndarinnar við yfirstjórn Búnaðarbankans voru stjórnendur hans boðaðir á fundinn, þeir Magnús Gunnarsson formaður bankaráðs, Þorsteinn Ólafsson bankaráðsmaður og bankastjórnarnir tveir, Árni Tómasson og Sólon Sigurðsson. Magnús Gunnarsson greindi frá því að eftir að Búnaðarbankamenn hefðu fengið boð um að mæta á fundinn „hefði áhugi fjárfesta verið kannaður óformlega“. Komið hefði í ljós að „mikill áhugi var fyrir kaupum á hlutafé í bankanum“, hlut á bilinu 20-25%. Það kom á óvart þar sem sumar var gengið í garð en Búnaðarbankamenn voru „vantrúaðir“ í fyrstu að sumarið væri góður sölutími fyrir ríkið. Tímasetningin virtist þó ekki hafa áhrif á fjárfesta og skaut dagsetningin 19. júlí upp kollinum í umræðum á fundinum. Sólon Sigurðsson bankastjóri nefndi í þessu samhengi að „verð væri eftirsóknarvert í augnablikinu en 6 mánaða uppgjör gæti haft áhrif.“⁴⁰ Einnig var rætt um sölu til kjölfestufjárfesta á fundinum og kvað Ólafur Davíðsson⁴¹, formaður nefndarinnar, að það sölufyrirkomulag stæði óbreytt í tilviki beggja banka.

40 *Forsætisráðuneytið. Skjöl framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Málsnúmer EVN01060001. Fundargerðir. Fundur haldinn 24. júní 2002.*

41 Jón Sveinsson var því ekki formaður einkavæðingarnefndar á þessum tíma eins og Björn Jón Bragason segir frá í grein sinni. Ólafur Davíðsson tók við af Hreini Loftssyni sem formaður nefndarinnar í febrúar 2002. Jón tók hins vegar við af Ólafi í september 2004. Sjá Björn Jón Bragason, „Sagan af einkavæðingu Búnaðarbankans“, bls. 115; „Jón Sveinsson verður nýr formaður“, *Fréttablaðið*, 15. september 2004, bls. 4.

Á fundum sínum næstu tvær vikurnar ræddi nefndin hvaða stefnu ætti að taka varðandi sölu á hlutafé í Búnaðarbankanum og má ráða af fundargerðum hennar að sala á 20% hlutafé í september hafi verið sett á oddinn.⁴² Úr því varð hins vegar ekki eftir að ráðherranefndin tók ákvörðun að bjóða kjölfestuhlut í báðum bönkum í einu til sölu. Nefndin horfði m.a. til þess að ljúka söluferlinu fyrir lok kjörtímabilsins, vorið 2003.⁴³

Frumkvæði Ólafs Ólafssonar

Eftir að auglýsing einkavæðingarnefndar birtist hinn 10. júlí hófst undirbúningur innan hóps fjárfesta sem síðar fékk nafnið S-hópurinn um að taka þátt í söluferlinu.⁴⁴ Sumir meðlimir hópsins höfðu þá í nokkur ár unnið saman að ýmsum fjárfestingum hér á landi.

Frumkvæðið að þátttökunni átti Ólafur Ólafsson, þáverandi forstjóri Samskipa hf. og stjórnarmaður í Keri hf., móðurfélagi Olíufélagsins ehf. Ker var umsvifamikilið félag í íslensku viðskiptalífi á þessum tíma og átti eignarhluti í fjölda félaga og fyrirtækja á Íslandi. Langstærsta eign þess

42 *Forsætisráðuneytið. Skjöl framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Málsnúmer EVN01060001. Fundargerðir. Fundir haldnir 25. júní 2002 og 28. júní 2002.*

43 *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir, 1. bindi, bls. 238-239.*

44 Nafn hópsins kom til í fjölmiðlum upp úr aldamótum sökum innbyrðis eignategnsla og sögulegra tenginga sjóða og félaga sem hann mynduðu við íslensku samvinnuhreyfinguna og VÍS. Nafn hópsins er því ekki kennt við nafn Helga S. Guðmundssonar, formann bankaráðs Landsbankans árin 1997-2003, eins og Guðrún Johnsen heldur fram í grein sinni í vorhefti *Skírnis* 2014. (Sjá Guðrún Johnsen, „Bankakerfið knésett“, bls. 16.) Nafnið er komið frá blaðamanninum Agnesi Bragadóttur en hún setti það fyrst fram í grein sinni um eigendur VÍS í *Morgunblaðinu* 25. mars 2001. Þar segir Agnes að eftir að Samvinnutryggingar gt. og Brunabótafélag Íslands sameinuðust í VÍS árið 1989 hafi orðið til tvennskonar gælunöfn yfir eignaraðilanna, S-hópur fyrir Samvinnutryggingar og B-hópur fyrir Brunabótafélagið. Nafngiftin helgaðist einnig af því að við stofnun VÍS voru gefnir út tveir hlutabréfaflokkar, S-flokkur fyrir hlutabréf Samvinnutrygginga og B-flokkur fyrir Brunabótafélagið. Í upphafi voru Samvinnutryggingar einu eigendur hlutabréfa í S-flokki, en eftir viðskipti með hlutabréf í VÍS síðar meir urðu Ker hf., Eignarhaldsfélagið Andvaka og Samvinnulífeyrissjóðurinn eigendur S-bréfa.

var Olíufélagið sem Ker átti að fullu. Önnur félög voru t.d. Samskip, Olíuverzlun Íslands hf., Vátryggingafélag Íslands hf. (VÍS), SÍF hf., Vinnslustöðin hf. og Vísir hf. Að sögn Ólafs voru ótvíræð tækifæri fólgin í því að fjárfesta í öðrum hvorum ríkisbankanum og því hafi hann lagt til í stjórn Kers að félagið tæki þátt í söluferlinu. Sú stefna varð ofan á og hófst um leið könnun innan stjórna félaga og sjóða sem tengdust Keri um mögulega þátttöku í ferlinu. Áður en frestur til að tilkynna þátttöku rann út hinn 25. júlí hafði Ólafur leitt saman hóp sem samanstóð af sex aðilum auk Kers. Þetta voru: Eignarhaldsfélagið Andvaka (Andvaka), Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar (Samvinnutryggingar), Samskip hf., Samvinnulífeyrissjóðurinn, Fiskiðjan Skagfirðingur hf. (FISK) og Kaupfélag Skagfirðinga (KS). Fjögur fyrstu félögin tengdust allmikið sín í milli. Samvinnutryggingar, Andvaka og Samvinnulífeyrissjóðurinn ásamt Keri tengdust saman í gegnum tæpan helmings eignarhlut þeirra í VÍS þar sem þau unnu saman sem einn eigandi.⁴⁵ Á móti átti VÍS tæp 21% í Keri og Samvinnulífeyrissjóðurinn 14%. Þá átti Ker tæpan helmingshlut í Samskipum. Sama stjórn var einnig yfir Samvinnutryggingum og Andvöku. Persónulega átti Ólafur loks félagið Kjalar ehf. sem átti 10,3% af hlutafé Kers. Loks var FISK dótturfyrirtæki KS.

Hæstaréttarlögmaðurinn Kristinn Hallgrímsson var ráðinn til að vera hópnum innan handar fyrir milligöngu Ólafs og var honum falið að sjá um lögfræðilegra vinnu í söluferlinum og formleg samskipti við einkavæðingarnefnd. Einnig var Guðmundur Hjaltason, sem þá starfaði sem framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs Samskipa, ráðinn sem nokkurs konar starfsmaður

45 Gagnkvæmur eignarhlutur Kers (sem áður hét Olíufélagið hf.) og VÍS kom til skjalanna á árunum 1989 til 1993 er Samband íslenskra samvinnufélaga minnkaði hlutdeild sína í félaginu sökum fjárhagslegrar endurskipulagningar. Sjá nánar: Agnes Bragadóttir, „ESSO hefur skilað hagnaði hvert ár síðustu 35 árin“, *Morgunblaðið*, 26. mars 1994, bls. 18.

hópsins vegna kaupanna.⁴⁶ Guðmundur, Kristinn og Ólafur báru síðan hitann og þungann af samningaviðræðum við einkavæðingarnefnd.

Ólafur freistaði þess einnig að fá erlenda fjármálastofnun til liðs við hópinn sem fjárfesti eða ráðgjafa og setti sig því í samband við franska bankann Sociétés Générale. Ólafur hafði þá öðlast tengsl við bankann í gegnum viðskipti Samskipa við hann árin á undan vegna umsvifa flutningafyrirtækisins í Þýskalandi. Bankinn sýndi verkefninu nokkurn áhuga en ákvað í fyrstu að koma að því sem ráðgjafi. Þegar sala Búnaðarbankans komst loks á dagskrá í október breytti Sociétés Générale hins vegar um kúrs og lýsti yfir áhuga á að tilheyra hópnum sem fjárfestir. Að þætti franska bankans í söluferlinu verður vikið betur að síðar.

S-hópurinn skilaði inn þátttökutilkynningu sama dag skilafrestur einkavæðingarnefndar rann út. Í henni lýsti hópurinn sig reiðubúinn að kaupa a.m.k. 25% hlut í öðrum hvorum bankanum og skildi kaupverðið vera markaðsverð hlutanna þann daginn „auk hæfilegs álags með hliðsjón af því hversu stór hluti verður seldur“. Kaupin hugðist hópurinn fjármagna með eigin fé, sölu eigna og lántöku.⁴⁷ Fjórar aðrar tilkynningar bárust einkavæðingarnefnd, frá þremmingunum í Samson, Íslandsbanka, Þórði Magnússyni fyrir hönd nokkurra ónefndra fjárfesta og norðlenska fjárfestingafélaginu Kaldbaki hf. sem var að uppistöðu fjárfestingararmur Kaupfélags Eyfirðinga (KEA) með aðkomu annarra fjárfesta af Norðurlandi.

46 *Viðtal.* Höfundur við Ólaf Ólafsson, 5. september 2012. Guðmundur Hjaltason varð síðar forstjóri Kers og framkvæmdastjóri Eglu hf., S-hóps félagsins sem eignaðist stærsta eignarhlutinn í Búnaðarbankanum í janúar 2003.

47 *Forsætisráðuneytið.* Skjöl Framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Málsnúmer EVN01060001. Bréf. Kristinn Hallgrímsson til Framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Efnis: Tilkynning um áhuga á kaupum á kjölfestuhluti í BÍ, dags. 25. júlí 2002.

Landsbankinn fyrstur á dagskrá

Skömmu eftir skilafrestinn fundaði einkavæðingarnefnd með fulltrúum hópanna fimm til að kanna frekar áhuga þeirra. Fulltrúar S-hópsins voru fyrstir boðaðir á fund nefndarinnar og hafði Ólafur orð fyrir hópnum. Fram kom í máli hans að þó að hópurnir hefði áhuga á báðum bönkum væri Búnaðarbankinn „ákjósanlegri kostur“ en stærð eignarhlutarins sem hópurnir hefði áhuga á að kaupa væri allt að 33%. Þá lét Ólafur þá skoðun í ljós að ekki væri „verra ef sala á BÍ [Búnaðarbankanum] færi fram síðar en sala á Landsbankanum, þ.e. síðar í haust.“⁴⁸ Um þessa áherslu segir Ólafur að hann og fleiri innan hópsins hafi fengið það á tilfinninguna að þegar væri búið að ákveða að selja hlutinn í Landsbankanum til Samson. Því hafi verið best að leggja áherslu á Búnaðarbankann strax frá fyrsta fundi með einkavæðingarnefnd. Engu að síður var áfram áhugi til staðar að eignast kjölfestuhlut í Landsbankanum og lýsti hann yfir áhuga hópsins á honum ef hann væri í boði. Kaup í Landsbankanum höfðu að auki verið álitin eftirsóknarverðari þegar byrjað var að ræða þátttöku í sölufurðinu innan S-hópsins, enda bankinn stærri að umfangi en Búnaðarbankinn.⁴⁹

Eftir stutta umfjöllun að fundarhöldum loknum tók einkavæðingarnefnd þá ákvörðun að velja Samson, Kaldbak og S-hópin til frekari viðræðna. Um leið var Íslandsbanka og Þórði Magnússyni sem sótti um fyrir hönd hóps ótilgreindra fjárfesta hafnað. Íslandsbanka var hafnað sökum þess að kaup hans á öðrum hvorum bankanum voru ekki í samræmi við markmið stjórnvalda um að auka samkeppni á fjármálamarkaði þar sem

48 *Forsætisráðuneytið*. Skjöl Framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Málsnúmer EVN01060001. Fundargerðir. Fundur haldinn 29. júlí 2002.

49 *Viðtal*. Höfundur við Ólaf Ólafsson, 5. september 2012. Samkvæmt efnahagsreikningum bankanna í ársreikningum þeirra vegna ársins 2001 námu eignir (skuldir og eigið fé) Landsbankans tæpir 269 milljarðar króna og Búnaðarbankans um 199,5 milljarðar svo dæmi sé tekið.

báðir ríkisbankarnir voru að meginstofni viðskiptabankar líkt og Íslandsbanki. Fjárfestahópi Þórðar Magnússonar var hins vegar hafnað á þeirri forsendu að tilkynningin sem Þórður sendi til nefndarinnar var ófullnægjandi miðað við forsendur í auglýsingunni frá 10. júlí.⁵⁰ Samantekið reyndist meiri áhugi hjá hópunum þremur sem eftir stóðu fyrir Landsbankanum og afréð nefndin því að efna til viðræðna um sölu á „umtalsverðum hlut“ í honum eins og sagði í tilkynningu nefndarinnar um forvalið. Stefnt var á að draga myndi til tíðinda í viðræðunum í byrjun september.⁵¹

Tveimur vikum síðar, dagana 22-23. ágúst, voru fjárfestahóparnir boðaðir á kynningarfundum með stjórnendum Landsbankans þar sem starfsemi bankans var kynnt. Í framhaldinu boðaði einkavæðinganefnd hópana á sinn fund hinn 27. ágúst. Þar var þeim afhent minnisblað þar sem óskað var eftir nánari upplýsingum um fyrirkomulag eignarhalds, stærð eignarhlutar, fjármögnun kaupa og framtíðaráform þeirra með bankann. S-hópsmenn lýstu því yfir á sínum fundum með nefndinni að nú væri svo komið að tveir erlendir bankar hefðu sýnt áhuga á að koma að kaupnum með hópnum, annað hvort sem ráðgjafar eða fjárfestar. Fulltrúar hópsins spurðu því að þessu tilefni hvort að það breytti stöðu hans ef erlend aðkoma yrði að honum. Ólafur Davíðsson, formaður einkavæðingarnefndar, svaraði því til að það myndi ekki breyta stöðu hópsins, en hins vegar væri „gefinn plús fyrir erlenda peninga“ eins og haft er eftir honum í fundargerð.⁵²

50 *Forsætisráðuneytið. Skjöl Framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Málsnúmer EVN01060001. Fundargerðir. Fundur haldinn 19. október 2002; Einkavæðing helstu ríkisfyrirtækja árin 1998-2003, bls. 60.*

51 *Vef. „Einkavæðing Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Fréttaflokkur: Fyrirtækjafréttir“, www.news.icex.is, 31. júlí 2002, sótt 22. október 2013.*

52 *Forsætisráðuneytið. Skjöl Framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Málsnúmer EVN01060001. Fundargerðir. Fundur haldinn 28. ágúst 2002. Ólafur hefur greint frá því við höfund að það átti að koma engum á óvart að vilji stjórnvalda lá til þess að erlent eignarhald*

Hóparnir skiluðu umbeðnum upplýsingum til einkavæðingarnefndar og fjallaði hún um þær á fundi sínum 4. september. Nefndin var þá búin að endurnýja ráðgjafarsamning sinn við HSBC bankann. Skoðanamunur var hins vegar innan nefndarinnar um hvort umbeðnar upplýsingar væru nægjanlegar til að taka ákvörðun um næstu skref, en að ráði HSBC bankans, sem taldi hyggilegt að fá nokkuð nákvæmar upplýsingar um kaupverð á þessum tímamarki, ákvað nefndin að óska eftir hugmyndum um verð frá öllum bjóðendum. Þó kom fram á fundinum að hugmynd um verð væri nokkuð ljós hjá Samson og S-hópnum en ekki hjá Kaldbaki.⁵³ Hóparnir skiluðu inn verðhugmyndum sínum tveimur dögum síðar. Þar átti Kaldbakur hæsta boð eða 4,16 kr. á hlut, S-hópurinn kom næstur með 4,10 kr. á hlut og þá Samson með lágsta boð, verðbilið 3,00-3,90 kr. á hlut. Gengi bréfa í Landsbankanum í Kauphöll Íslands voru í upphafi sama dags 3,70.⁵⁴ Á grunni þessara upplýsinga auk annarra á borð við fjárhagsstöðu kaupenda, framtíðaráform þeirra, þekkingu og reynslu af fjármálamörkuðum og skilyrðum kaupenda, voru hóparnir metnir af ráðgjöfum HSBC. Kaupverðið fékk 20% vægi í mati bankans, til jafns við þekkingu og reynslu af fjármálamarkaði. Fjárhagsstaða og framtíðaráform fengu hins vegar 25% hvort. Þá vógu skilyrðin 10%.⁵⁵ Niðurstaða matsins var sú að Samson varð efst, fékk 70-75 stig af 100 mögulegum, allt eftir því hvaða gengi yrði á hinum keyptu hlutum. Á meðan fengu S-hópurinn 68 stig og Kaldbakur 66 stig. Niðurstaða matsins var kynnt á

yrði á ríkisbönkunum. Því hafi möguleiki á slíku verið litinn jákvæðum augum af stjórnvöldum. *Viðtal*. Höfundur við Ólaf Davíðsson, 5. febrúar 2013.

53 *Forsætisráðuneytið*. Skjöl Framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Málsnúmer EVN01060001. Fundargerðir. Fundur haldinn 4. september 2002.

54 „Peningamarkaðurinn“, *Morgunblaðið*, 6. september 2002, bls. 32.

55 *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, 1. bindi, bls. 249; *Forsætisráðuneytið*. Skjöl Framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Málsnúmer EVN01060001. Samantekt. Project L – Evaluation of submissions by the three shortlisted bidders (Draft for discussion). Ódagsett.

fundi einkavæðingarnefndar 9. september þar sem nefndin tók þá ákvörðun að velja Samson til frekari viðræðna.⁵⁶

Meðlimir S-hópsins urðu vonsviknir með niðurstöðuna þar sem þeir höfðu gert sér nokkrar vonir um að hafa betur í forvalinu. Töluverðum tíma og fjármunum hafði verið eytt í undirbúningsvinnu og þá ríkti óánægja innan hópsins með hvernig stjórnvöld stóðu að útborðsferlinu, en sem dæmi barst formlegt svarbréf til hans um ákvörðun einkavæðingarnefndar ekki fyrr en fjórum dögum eftir niðurstaðan var tilkynnt í fjölmiðlum. Innan hópsins var rætt um að kanna réttarstöðu hans með vísan til stjórnsýslu- og upplýsingalaga þar sem ekki þótti ljóst á hvaða forsendum Samson var valinn. Kristinn Hallgrímsson segir að erfitt hafi verið að sjá af hverju stjórnvöld töldu Samson verðugri kaupendur en S-hópin. Honum var því falið að leggja drög að beiðni um rökstuðning nefndarinnar fyrir ákvörðuninni og einnig að nefndin léti hópnunum í té afrit af gögnum sem lágu til grundvallar valinu, þar á meðal niðurstöðu mats HSBC manna.⁵⁷ Ekkert varð hins vegar af sendingu bréfsins og segir Kristinn að ástæðan hafi verið sú að forsvarsmenn hópsins hafi ekki viljað skapa sér mögulega óvild ef til sölu á kjölfestuhlut í Búnaðarbankanum kæmi til eins og boðað hafði verið fyrr um sumarið.⁵⁸

Þáttur Vátryggingafélags Íslands

Tæpum tveimur mánuðum eftir að formlegar viðræður Samson hópsins og stjórnvalda hófust komst sala á kjölfestuhlut í Búnaðarbankanum á dagskrá. Á þessu tímabili breyttist skipan

56 *Forsætisráðuneytið*. Skjöl Framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Málsnúmer EVN01060001. Fundargerðir. Fundur haldinn 9. september 2002.

57 *Skjalasafn Kers*. Bréf. Drög að bréfi Kristins Hallgrímssonar f.h. Eignarhaldsfélagsins Andvöku, Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga, Fiskiðjunnar Skagfirðings hf., Kaupfélags Skagfirðinga, Kers hf., Samskip hf. og Samvinnulífeyrissjóðsins til Framkvæmdanefndar um einkavæðingu, dags. 13. september 2002.

58 *Viðtal*. Höfundur við Kristinn Hallgrímsson, 27. júlí 2014.

S-hópsins og var eitt þeirra félaga sem kom inn í hann tryggingafélagið VÍS.

Þátttöku VÍS í einkavæðingarferlinu hefur verið gerð allnokkur skil í skrifum um einkavæðinguna þar sem S-hópsfélögin fjögur í hluthafahópi félagsins, Andvaka, Samvinnutryggingar, Ker og Samvinnulífeyrissjóðurinn, festu kaup á öllu hlutafé Landsbankans í tryggingafélaginu hinn 28. ágúst 2002 - á sama tíma og félögin voru í viðræðum við stjórnvöld um kaup á kjölfestuhlut í bankanum sjálfum.⁵⁹ Í krafti nýfengins meirihluta síns í VÍS ákváðu félögin fjögur að fyrirtækið tæki þátt í fjárfestingunni í Búnaðarbankanum er stjórnvöld buðu kjölfestuhlut í bankanum til sölu í október.

Sökum tímasetningarinnar hafa viðskiptin þótt tortryggileg. Sigríður Dögg Auðunsdóttir vék fyrst að þeim í ítarlegri umfjöllun sinni um sölu kjölfestuhlutanna í bönkunum vorið 2005 í *Fréttablaðinu*. Þar sagði hún frá því að kaupin hafi átt sér stað vegna þess að Halldór Ásgrímsson hafi hóttað Davíð Oddssyni að stöðva sölufurli bankanna fengi S-hópurinn ekki að kaupa hlut Landsbankans í VÍS. Yfirráð yfir VÍS hafi þannig verið „nauðsynlegur liður í áætlun S-hópsins“ um að eignast Búnaðarbankann.⁶⁰ Í sama streng tók Björn Jón Bragason í grein sinni í tímaritinu *Sögu* árið 2011 um sölu kjölfestuhlutarins þar sem hann sagði „framsóknarmenn“ hafa sett sölu VÍS til S-hópsins sem skilyrði fyrir því að sölufurlið héldi áfram.⁶¹

59 Sigríður Dögg Auðunsdóttir, „Sex daga stríðið um yfirráð í VÍS“, bls. 10-11; Björn Jón Bragason, „Sagan af einkavæðingu Búnaðarbankans“, bls. 104-111.

60 Þessa skýringu hafði Sigríður Dögg eftir þeim sem hún segir að hafa starfað „í návígi“ við Halldór og Davíð. Sigríður hefur síðan eftir ónefndum „Landsbankamönnum“ að Davíð hafi þurft að fara að vilja Halldórs til að verja sölufurlið og um leið ríkisstjórnarsamstarfið við Framsóknarflokkinn.

61 Björn segir ekki hvaða framsóknarmenn þetta voru. Af samhengi greinar hans má þó ráða að það hafi verið Valgerður Sverrisdóttir og Halldór Ásgrímsson. Þetta hefur Björn eftir ónafngreindum heimildamanni „úr bankakerfinu“ eins og hann orðar það í greininni sinni.

Yfirráð S-hópsins yfir VÍS hafi samkvæmt þessu verið „forsenda kaupanna“ að hans mati. Þessar skýringar standast ekki skoðun því eins og rakið er í grein höfundar í sumarhefti *Þjóðmála* 2013 um VÍS sölu Landsbankans, þá kom salan til sem hluti sáttar milli meirihlutaeigenda VÍS í kjölfar deilna þeirra um meinta ólögmæta sölu Landsbankans á hlutabréfum S-hópsfélaganna í tryggingafélaginu sjálfu.⁶² Ýmis atriði í aðdraganda sáttarinnar, sem tengdust söluferli Landsbankans, höfðu þó áhrif á hvernig málalyktir urðu í deilunum um VÍS sem kallaðar hafa verið „Sex daga stríðið um VÍS“. Því er rétt að rifja upp þátt VÍS í þessari sögu, samhengisins vegna.

Frá árinu 1997 hafði Landsbankinn átt álíka mikið hlutafé í VÍS og Ker, Andvaka, Samvinnutryggingar og Samvinnulífeyrissjóðurinn, sem eins og áður sagði unnu saman sem einn hópur í stjórn tryggingafélagsins. Hlutinn keypti Landsbankinn af Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands þetta ár en það félag hafði verið stofnaðili að VÍS ásamt Samvinnutryggingum árið 1989. Eignahlutföll Landsbankans og S-hópsfélaganna fjögurra voru hnífjöfn af þessum orsökum og áttu félögin jafn marga fulltrúa í stjórn félagsins. Þetta gerði það að verkum að togstreita myndaðist á tíðum í stjórn félagsins um hvaða stefnu ætti að taka í rekstri þess.⁶³ Eitt af deilumálunum var um það hvort og hvenær skyldi skrá VÍS á hlutabréfamarkað. Báðir eigendur höfðu einnig hug á að kaupa hinn út úr félaginu og opnaðist sá möguleiki af hálfu Landsbankans eftir að ekki reyndist grundvöllur fyrir þeirri

Þessu hafa bæði Halldór og Davíð neitað. Sjá: „Ræddi ekki við Davíð um VÍS“, *Fréttablaðið*, 1. júní 2005, bls. 18.

62 Heiðar Lind Hansson, „Viðskiptahagsmunir en ekki pólitík réði sölunni. Um sölu Landsbankans á VÍS til S-hópsins árið 2002“, *Þjóðmál.* 9:1 (Sumar), bls. 48-57.

63 *Skráningarlýsing VÍS.* Landsbankinn Landsbréf, júlí 2002, bls. 14. Samkvæmt skráningarlýsingunni voru eignarhlutföll stærstu hluthafa þannig: Landsbanki Íslands 45,44%, Samvinnutryggingar 25,2%, Ker hf. 10,78%, Andvaka 5,75% og Samvinnulífeyrissjóðurinn 4,6%. Aðrir hluthafar áttu samtals 8,24%.

hugmynd Halldórs J. Kristjánssonar, bankastjóra Landsbankans og stjórnarmanni í VÍS, að sameina VÍS og Landsbankann.⁶⁴

Að lokum náðist samkomulag um skráningu VÍS á hlutabréfamarkað í mars 2001.⁶⁵ Það gerði ráð fyrir því að félagið yrði skráð á markað í Kauphöll Íslands síðar á árinu 2001. Skráningin tafðist þó fram á mitt sumar 2002.⁶⁶ Markmiðið með henni var að koma fleiri eigendum að félaginu og brugðu því Landsbankinn og S-hópurinn á það ráð að selja hluta af eigin bréfum í beinu hlutfalli við eignarhlut hvors. Ekki var því nýtt hlutafé gefið út. Með þessu átti að tryggja valdahlutföll beggja áfram í félaginu. Í þessum anda gáfu S-hópsfélögin Landsbankanum umboð hinn 10. júlí 2002 til að framkvæma söluna - sama dag og stjórnvöld auglýstu kjölfestuhlut í Landsbankanum til sölu. Sú auglýsing breytti forsendum fyrir skráningu VÍS á markað að mati forsvarsmanna S-hópsfélaganna sem hófu fyrir vikið að gera tilboð í hlutafé Landsbankans í VÍS nokkrum dögum eftir að auglýsingin birtist. Forsendan fyrir skráningunni á markað var að mati þeirra að það þyrfti að vera ljóst hverjir væru eigendur Landsbankans. Þar sem óvissa hafði myndast um eignarhaldið var fullur hugur á því meðal S-hópsfélaganna að eignast meirihluta í VÍS, í það minnsta að selja ekki meira af hlutafé sínu.

Landsbankinn og S-hópurinn skiptust því á kauptilboðum fram undir miðjan ágúst uns sá atburður gerðist að Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands seldi 3% af hlutafé VÍS sem það átti eftir í félaginu til Kaupþings í Lúxemborg. Þetta olli áhyggjum hjá forsvarsmönnum S-hópsins því eignahlutföll í VÍS þóttu orðin óskýr - ekki var nefnilega á

64 Heiðar Lind Hansson, „Viðskiptahagsmunir en ekki pólitík réði sölunni“, bls. 51-52.

65 Hluthafasamkomulagið var því ekki frá 1997 eins og Björn Jón Bragason hefur haldið fram. Sjá Björn Jón Bragason, „Sagan af einkavæðingu Búnaðarbankans“, bls. 106.

66 „Samkomulag tókst um opnun á VÍS“, *Morgunblaðið*, 27. mars 2001, bls. 17.

hreinu hver hinn raunverulegi kaupandi hlutanna var. Félögin afturkölluðu því söluumboðið sem þau höfðu veitt Landsbankanum fyrir um sumarið til að stöðva sölu á hlutabréfum sínum í félaginu og verja þannig eignaraðild sína. Mögulega voru eignahlutföll orðin ójöfn sem þýddi að verðandi eigandi Landsbankans gat orðið ráðandi hluthafi í VÍS í krafti eignarhlutarins sem nú var á hendi Kaupþings í Lúxemborg. Forsvarsmenn S-hópsfélaganna höfðu til dæmis ekki áhuga á því að vinna með þremenningunum í Samson innan VÍS, yrði sá hópur hlutskarpastur í söluferli Landsbankans, en eins og rakið hefur verið höfðu forsvarsmenn hópsins það á tilfinningunni á þessum tímamarki að Samson yrði valinn til frekari viðræðna um kjölfestuhlutinn í Landsbankanum.⁶⁷

Afturköllun söluumboðsins var mótmælt af forsvarsmönnum Landsbankans sem tóku þá ákvörðun að heimila sölu á hlutafé í VÍS samdægurs á grunni söluumboðsins frá 10. júlí. Þar var samtals 3,7% eignarhlutur S-hópsfélaganna í VÍS seldur. Að auki seldi bankinn hluta af eigin bréfum. Sölnunni var harðlega mótmælt af forsvarsmönnum S-hópsins og upphófust deilur næstu fimm daga um lögmæti hennar þar sem S-hópsmenn íhuguðu m.a. leita réttar síns hjá eftirlitsaðilum og dómsstólum. Sátt náðist þó í málinu sem var á þá leið að fallið var frá öllum málaferlum í stað þess að gerður yrði samningur um kaup S-hópsfélaganna á öllum eignarhlut Landsbankans í VÍS. Kaupsamningur þess efnis var undirritaður 29. ágúst og var hann opinberaður daginn eftir. Nam virði hans um 6 milljarðar króna fyrir Landsbankann.⁶⁸

67 Heiðar Lind Hansson, „Viðskiptahagsmunir en ekki pólitík réði sölnunni“, bls. 53. Þetta er haft eftir Kristni Hallgrímssyni lögmanni S-hópsfélaganna sem var í forsvari fyrir hópinn gagnvart Landsbankanum.

68 Öll þessi atburðarás er rakin ítarlega í grein höfundar í sumarhefti *Þjóðmála* 2013. Sjá Heiðar Lind Hansson, „Viðskiptahagsmunir en ekki pólitík réði sölnunni“, bls. 48-57.

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans og stjórnarmaður í VÍS á þessum tíma, hefur greint frá því að skiptar skoðanir hafi verið uppi um hvor aðilinn hafi haft réttinn sín megin varðandi söluna umdeildu á hlutafé VÍS. Það varð hins vegar úr að semja um sátt með því að selja allt hlutaféð til S-hópsins gegn því að ekki yrði af málaferlum. Enginn pólitískur þrýstingur frá stjórnvöldum réði þar för eins og haldið hefur verið fram. Niðurstaðan var að mati Halldórs í takt við stefnu bankans gagnvart eign sinni í VÍS. Sá möguleiki að selja hafði nefnilega verið opin að hálfu bankans eftir að ekki hafði verið grundvöllur fyrir sameiningu VÍS og bankans skömmu eftir að sá síðarnefndi gerðist hluthafi í tryggingafélaginu.⁶⁹

Skömmu eftir viðskiptin, 20. september, var haldinn hluthafafundur í VÍS þar sem fulltrúar Landsbankans gengu úr stjórn félagsins. Daginn eftir fundinn tilkynnti ný stjórn að Finnur Ingólfsson þáverandi seðlabankastjóri og fyrrverandi viðskiptaráðherra yrði næsti forstjóri félagsins í stað Axels Gíslasonar sem gengt hafði starfinu frá stofnun þess. Finnur hóf síðan störf 1. nóvember og var eitt af hans fyrstu verkum að skrifa undir rammisamkomulag S-hópsins og stjórnvalda vegna kaupanna á Búnaðarbankanum fyrir hönd VÍS.⁷⁰

Búnaðarbankinn seldur

Sala á kjölfestuhlut í Búnaðarbankanum hófst formlega hinn 21. október 2003. Þar sem S-hópurinn og Kaldbakur voru einu hóparnir sem stóðu eftir í sölufurlinu var þeim boðið að gera tilboð í hlutinn sem og þeir gerðu.

69 Sama heimild, bls. 52, 54 og 56.

70 *Viðtal*. Höfundur við Finn Ingólfsson, 12. október 2012. Finnur kveðst ekkert hafa komið að sölufurlinum fyrr en eftir að hann varð forstjóri VÍS. Hann segir að ásakanir um að hann og aðrir fulltrúar S-hópsins hafi beitt baktjaldaaðferðum til að fá að kaupa kjölfestuhlutinn í Búnaðarbankanum, eins og haldið hefur verið fram í umræðunni um einkavæðinguna á liðnum árum, séu alrangar og úr lausu lofti gripnar.

Á þeim sex vikum sem liðu frá því að Samson þremmingarnir urðu hlutskarpari í forvalinu um kaup á Landsbankanum áttu sér stað þreifingar milli S-hópsins og Kaldbaks um mögulega sameiningu þeirra. Ólafur Ólafsson segir að frumkvæðið að þessu hafi komið frá Kaldbaki en hann og aðrir í sínum fjárfestahópi höfðu lítinn sem engan áhuga á sameiningu þeirra í einn stóran fjárfestahóp. Málin voru þó lauslega rædd á símafundi sem Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra og formaður Framsóknarflokksins hafði milligöngu um að beiðni Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, stjórnarformanns Kaldbaks og fyrrverandi stjórnarformanns KEA og þingmanns Framsóknarflokksins.⁷¹ Á fundinum lýsti Ólafur því yfir að af samstarfi yrði ekki. Um þetta segir hann enn fremur: „Það stóð aldrei til hjá okkur að fara í pólitískt samstarf um svona viðskipti.“⁷² Símafundurinn varð ekki langur því Ólafur datt úr símasambandi þar sem hann var á leið á hreindýraveiðar á Austurlandi eins og oft hefur komið fram þegar fjallað hefur verið um fundinn í skrifum um söluferlið.⁷³

71 „Ræddi ekki við Davíð um VÍS“, *Fréttablaðið*, 1. júní 2005, bls. 18. Athygli vekur að Eiríkur S. Jóhannsson framkvæmdastjóri Kaldbaks hefur sagt að fulltrúar félagsins hafi lagt áherslu á að afmá pólitísk tengsl sín í ferlinu og einnig að þeir hafi ekki haft áhuga á sameiningu. Samkvæmt þessu hafði Eiríkur aðrar áherslur en Jóhannes Geir stjórnarformaður Kaldbaks og yfirmaður Eiríks. Þetta vekur athygli þar sem þeir tveir komu fram fyrir hönd Kaldbaks í samningaviðræðunum félagsins við einkavæðingarnefnd. Þrátt fyrir vilja Eiríks til að afmá pólitísk tengsl, þá segir hann að Jóhannes stjórnarformaður og hann hafi átt fund með Valgerði Sverrisdóttur viðskiptaráðherra og Páli Magnússyni aðstoðarmanni hennar í Rúgbrauðsgerðinni í Reykjavík í „aðdraganda einkavæðingarinnar“. Á fundinum var einkavæðingarferlið rætt. Sjá Björn Jón Bragason, „Sagan af einkavæðingu Búnaðarbankans“, bls. 112-113.

72 *Viðtal*. Höfundur við Ólaf Ólafsson, 5. september 2012. Ólafur segir að meint pólitísk tengsl S-hópsins hafi aldrei verið hagnýtt í söluferlinu heldur hafi hópurinn einvörðungu komið að söluferlinu á viðskiptalegum forsendum. Sjálfur kveðst Ólafur aldrei hafa verið flokksbundinn neinu stjórn málaafli.

73 Bæði Sigríður Dögg og Björn Jón hafa fjallað um símafundinn í sínum skrifum. Þeim ber þó ekki saman um tímasetningu hans. Sigríður greindi einnig frá því að Ólafur hafi ekki verið á fundinum. Um frumkvæðið segja þau bæði að það hafi komið frá Halldóri Ásgrímssyni og hefur Björn Jón það m.a. eftir Eiríki S. Jóhannssyni framkvæmdastjóra Kaldbaks. Björn Jón útskýrir hins vegar ekki hvers vegna hann hafnar skýringum Halldórs Ásgrímssonar á

Hóparnir mættu því til viðræðna hvor í sínu lagi.

Einkavæðingarnefnd viðhafði sama fyrirkomulag og áður: hópunum var gert að gera grein fyrir fjármögnun kaupanna, mögulegu kaupverði og stærð eignarhlutar, framtíðarsýn og reynslu sinni af fjármálamörkuðum.⁷⁴ Ítarlegum greinargerðum var loks skilað fyrir tilsettan skilafrest sem var 31. október. Á grundvelli þeirra mat HSBC bankinn hvor hópurinn væri fýsilegri kaupandi og varð niðurstaða hans sú að S-hópurinn var álitinn betri kostur. Út frá matslíkani HSBC hlaut S-hópurinn 66-74 stig af 100 mögulegum, allt eftir verði og þátttöku erlends fjárfestis, sem þá stóð til að yrði franskir bankinn Société Générale eða önnur erlend fjármálastofnun. Á móti hlaut Kaldbakur 64 stig. Matsþættir voru þeir sömu og útlistaðir voru í greinargerðunum og fékk fjárhagsstaða nú mesta vægið í matinu (30%) ólíkt því sem hafði verið í mati HSBC vegna Landsbankans. Fjárhagslegir skilmálar tilboðs ásamt áætlunum

fundarboðinu, en Halldór útskýrði aðkomu sína að fundinum í viðtali í *Fréttablaðinu* 1. júní 2005 í kjölfar birtingu greinarflokks Sigríðar Daggar um einkavæðinguna. Þar sagði Halldór: „Jóhannes Geir Sigurgeirsson óskaði eftir fundi með mér fyrir hönd nokkurra aðila. Og ég gat ekki orðið við þeirri beiðni vegna þess að ég var upptekinn við fundi úti á landi, var síðan að fara erlendis og stóð til að ég yrði lengi í burtu. Og ég spurði hvort þeir gætu ekki hringt í mig. Og þeir gerðu það. Ég sagði þeim einfaldlega að þeir stjórnðu sínum eigin málum og ef að þeir vildu verða vissari um að báðir aðilar kæmust að málinu væri líklegasta leiðin til þess, að þeir stæðu sameiginlega að því og bæðu sameiginlega um samninga um málið. Og það getur nú í sjálfu sér hver sagt sér það. Ég hef alltaf verið áhugamaður um að sem mest breidd væri í eignaraðild að íslensku fjármálalífi. Þeir komu sér ekki saman og ég hafði ekkert um það að segja. Það var þeirra mál. Ég neita venjulega ekki samtölum við fólk í mikilvægum málum og það voru margir sem báðu um samtöl við mig út af þessum málum á sínum tíma. Ég veitti þau samtöl.“ Sjá „Ræddi ekki við Davíð um VÍS“, *Fréttablaðið*, 1. júní 2005, bls. 18.

⁷⁴ Ekki er því að sjá að einkavæðingarnefnd hafi látið „allt önnur viðmið“ gilda um sölu Búnaðarbankans en sölu Landsbankans eins og Björn Jón Bragason hefur haldið fram. Eina breytingin sem séð verður var að fjárhagsstaða og fjárhagslegir skilmálar fengu meira vægi þegar velja átti kaupanda að Búnaðarbankanum. Í staðinn var vægi skilyrða í tilboðsmati sleppt. Þekking og reynsla og framtíðaráætlanir fékk hins vegar sama vægi og þegar meta átti kaupendur að Landsbankanum. Atriði er vörðuðu fjármögnun og lánafyrirgreiðslu beggja hópa voru einnig „ekki svo gjörólík,“ eins og Helgi Skúli Kjartansson hefur rakið. Sjá Björn Jón Bragason, „Sagan af einkavæðingu Búnaðarbankans“, bls. 100; Helgi Skúli Kjartansson, „Í tröllahöndum“, bls. 138-142.

um framtíðarstefnu fengu næst mesta vægið, 25% hvort, og þá fengu þekking og reynsla af fjármálamörkuðum minnsta vægið eða 20%. Þrír lykilþættir voru taldir ráða úrslitum í niðurstöðunni að mati HSBC. Í fyrsta lagi var aðkoma erlends fjárfestis að S-hópnum sögð styrkja hópinn og gera hann eftirsóknarverðari kaupanda en Kaldbak. HSBC taldi þó hópinn hæfari kaupanda jafnvel þótt erlend fjármálastofnun yrði ekki með í honum. Í öðru lagi bauð S-hópurinn herra verð fyrir hvern hlut sem hann gerði ráð fyrir að greiða fyrir með einni greiðslu. Hópurinn setti upp verðbilið 4,2-4,7 fyrir hvern hlut á meðan Kaldbakur setti upp verðbilið 4,1-4,5 og stefndi á að greiða fyrir hluti sína í tvennu lagi. Í þriðja lagi var skipulag S-hópsins með stofnun sérstaks eignarhaldsfélags um hina keyptu hluti talið mæta betur kröfum stjórnvalda um meðferð kjölfestuhlutarins. Engu að síður lagði HSBC til við nefndina að setja skilyrði um að erlend aðkoma yrði að hópnum í viðræðunum sem færu í hönd og að lágmarksverð fyrir hina seldu hluti yrði gengið 4,7, efri mörkin í verðhugmynd S-hópsins. Þó gátu forsendur verðmatsins breyst ef kostgæfniathugun á starfsemi bankans myndi leiða í ljós annmarka á verðmatinu eða öðrum grundvallarþáttum er vörðuðu bankann á einhvern hátt.⁷⁵

Samningaviðræður hófust formlega á fundi einkavæðingarnefndar og fulltrúa S-hópsins 5. nóvember. Eftir tíu daga viðræður var rammksamkomulag⁷⁶ undirritað. Þá var orðið ljóst hvaða félög

75 *Forsætisráðuneytið. Skjöl Framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Málsnúmer EVN01060001. Samantekt HSBC. Summary of ranking of preliminary bids. 4. nóvember 2002, bls. 11. Sömu viðhorf komu fram í svarbréfi Ólafs Davíðssonar, formanns einkavæðingarnefndar, til Eiríks S. Jóhannessonar framkvæmdastjóra Kaldbaks, þegar sá síðarnefndi óskaði eftir nánari skýringum á því af hverju nefndin valdi S-hópinn. Þar sagði einnig að tilboð Kaldbaks hafi gert ráð fyrir því að meðfjárfestar hans, sem til stóð að eignuðust 20% hlutfjár Búnaðarbankans, áttu ekki að gangast undir skyldur sem kjölfestufjárfestir. Það var álitnið óheppilegt að mati einkavæðingarnefndar. Sjá nánar: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, 1. bindi, bls. 255.*

76 Samningurinn nefnist á ensku Heads of Agreement, en hann var einmitt á ensku.

innan vébanda S-hópsins hygðust taka þátt í fjárfestingunni og reyndust þau fjögur: hið nýstofnaða eignarhaldsfélag Egla hf., sem samkvæmt samkomulaginu stóð til að yrði í eigu Kers hf., Samvinnutrygginga og Sociétés Générale eða annarrar erlendrar fjármálastofnunar, Samvinnulífeyrissjóðurinn⁷⁷ og VÍS⁷⁸. Tvö síðasttöldu hugðust koma að kaupunum beint.⁷⁹ Erlend aðkoma yrði þó mögulega með beinum hætti líkt og VÍS og Samvinnulífeyrissjóðurinn ætluðu að gera. Samkomulagið kvað þó á um að þrátt fyrir mismunandi form eignarhalds á hlutunum í Búnaðarbankanum ætluðu meðlimir S-hópsins að gera með sér hluthafasamkomulag svo tryggt yrði að þeir kæmu fram í stjórn bankans sem ein heild eða kjölfesta. Slíkt var álitnið jafn traust ráðstöfun og að eitt eignarhaldsfélag héldi utan um hlutabréfin sem keypt yrðu.⁸⁰

Umsamið kaupverð í rammasamkomulaginu reyndist herra en það sem S-hópurinn setti sem þak í greinargerðinni sinni og var

77 Margeir Daniélsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Samvinnulífeyrissjóðsins, gat ekki gefið kost á viðtali vegna vinnslu þessarar ritgerðar. Margeir var framkvæmdastjóri sjóðsins þegar S-hópurinn keypti í Búnaðarbankanum.

78 Þórólfur Gíslason kaupfélagsstjóri sem var stjórnarformaður VÍS þegar félagið tók þátt í kaupunum á Búnaðarbankanum gat ekki gefið kost á viðtali vegna vinnslu þessarar ritgerðar.

79 *Skjalasafn Kers*. Bréf. Kristinn Hallgrímsson til Fjármálaeftirlitsins. Svar við bréfi FME vegna umsóknar á virkum hlut í BÍ, dags. 17. febrúar 2003. Samvinnulífeyrissjóðurinn og VÍS kusu að standa fyrir utan Eglu vegna reglna um hversu mikið hlutafé þau máttu eiga í óskráðum félögum. Egla var einmitt óskráð félag. Í tilfelli Samvinnulífeyrissjóðsins var sjóðurinn í ársbyrjun 2003 rétt undir löglegum mörkum í eignarhaldi á óskráðum verðbréfum fyrir lífeyrissjóð. Mörkin voru 7%. Yrði sjóðurinn hluthafi í Eglu þyrfti hann að selja eignarhluti í öðrum félögum sem var talið óheppilegt af forsvarsmönnum hans vegna ástands á hlutabréfamörkuðum. VÍS var á hinn bóginn háð reglugerð um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld, en hún takmarkaði fjárfestingar í óskráðum félögum sem nam um 10% af váttryggingarskuld og eign í einu félagi við 1% af váttryggingaskuld. Staða félagsins gagnvart reglugerðinni var orðin of þröng þannig tekin var ákvörðun um að standa utan Eglu. Þó tók VÍS að sér að eiga lítinn hlut í Eglu, samtals 0,5%. Kom það til að ósk Kers svo að allar skuldbindingar Eglu myndu ekki fara inn í samstæðuuppgjör Kers.

80 *Viðtal*. Höfundur við Kristinn Hallgrímsson, 27. júlí 2014.

meðalgengi hlutabréfanna 4,81.⁸¹ Gengi bréfa í Búnaðarbankanum daginn fyrir undirritun samkomulagsins var 4,71.⁸² Kaupverð hlutanna varð því rúmlega 11,9 milljarðar króna og átti það að greiðast í tvennu lagi samhliða afhendingu á hlutabréfum í bankanum. Í fyrra lagi skyldi greitt við undirritun kaupsamnings sem stefnt var á að yrði að veruleika ekki seinna en 20. desember 2002 og í síðari lagi fyrir 20. desember árið eftir. Samtals myndi S-hópurinn festa kaup á 45,8% af heildarhlutafé Búnaðarbankans.⁸³

Rammasamkomulagið gerði einnig ráð fyrir því að kaupendurnir myndu upplýsa fyrir 6. desember hver hin erlenda fjármálastofnun yrði og um leið hver endanleg eignarhlutföll yrðu innan kaupendahópsins og innan Eglu. Undirskrift kaupsamningsins dróst hins vegar og var ástæðan helst sú að Sociétés Générale ákvað að taka ekki þátt í kaupunum á lokametrinum. Að auki urðu tafir á niðurstöðum kostgæfniathugunar á Búnaðarbankanum þess valdandi að undirskrift samninga frestaðist. Þrátt fyrir ákvörðun sína hafði Sociétés Générale milligöngu um að útvega annan erlendan fjárfesti í sinn stað og reyndist það vera þýski einkabankinn Hauck & Aufhäuser Privatbankiers. Nánar verður vikið að aðkomu þýska bankans síðar í greininni.

Kaupsamningur og fjármögnun S-hópsins

S-hópurinn og stjórnvöld gengu frá kaupsamningi fimmtudaginn 16. janúar og fór undirskrift hans fram í höfuðstöðvum Búnaðarbankans í Austurstræti í Reykjavík. Hið keypta hlutafé skiptist innbyrðis í S-hópnum þannig að Egla fékk í sinn hlut

81 Þar sem kaupverðið skildi greitt í tveimur lotum var samið um mismunandi gengi. Í fyrri lotunni þar sem 27,48% eignarhlutur var afhentur var gengi hlutanna 4,75 en í síðari lotunni þar sem 18,32% eignarhlutur var afhentur var gengið 4,9.

82 „Peningamarkaðurinn“, *Morgunblaðið*, 16. nóvember 2002, bls. 40.

83 Rammasamkomulag [Heads of Agreement] Eglu, Samvinnulífeyrissjóðsins og Vátryggingafélags Íslands og einkavæðingarnefndar, dags. 15. nóvember 2002.

um 71,2%, VÍS 12,7%, Samvinnulífeyrissjóðurinn 8,5% og Samvinnutryggingar 7,6%. Eignarhlutföllin í Eglu voru þannig að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser átti 50% af hlutfé félagsins, Ker 49,5% og VÍS 0,5%.⁸⁴ Líkt og kveðið var á um í rammasamkomulaginu skildi afhending hlutabréfanna fara fram í tveimur lotum þegar S-hópurinn væri búinn að greiða kaupverðið, fá samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir kaupnum og uppfylla önnur skilyrði kaupsamningsins. Fyrirferðamest af þeim var krafan um gerð hluthafasamkomulags kaupendanna til að tryggja að þeir kæmu fram sem ein heild í stjórn bankans og fylgdi samkomulagið með kaupsamningnum sem viðauki hans. Hluthafasamkomulagið var þó tímabundið og gildi á meðan kaupendurnir voru bundnir af sölutakmörkun á hluta af hinu keypta hlutafé samkvæmt samningnum. Hún kvað á um að S-hópsfélögin mættu ekki selja 33% eignarhlut í Búnaðarbankanum til þriðja aðila fyrr en eftir 21 mánuð frá undirritun samningsins. S-hópurinn gat þó sótt um undanþágu frá þessu með skriflegu leyfi viðskiptaráðherra. Afganginn af hinu keypta hlutafé mátti hins vegar ráðstafa að vild. Þó var sérstakt ákvæði í samkomulaginu um að sölutakmörkunin myndi ekki standa í vegi fyrir mögulegum samruna Búnaðarbankans í framtíðinni við aðrar fjármálastofnanir eða yfirtöku á bankanum. Ef til samruna kæmi myndu hlutir S-hópsins í nýrri sameinaðri fjármálastofnun lúta öllum þeim takmörkunum sem kaupsamningurinn segði fyrir um hina keyptu hluti í Búnaðarbankanum, í það minnsta út samningstímann.⁸⁵ Önnur ákvæði rammisamkomulagsins lutu m.a. annars að því segja til um með hvaða hætti kaupendurnir hugðust sinna hlutverki sínu sem kjölfestufjárfestir og fullnægja skyldum þar að lútandi.

84 Samskip var því ekki hluti af kaupendahópnum líkt og Þröstur Olaf Sigurjónsson greinir ranglega frá í kafla sínum í ritinu *Preludes to the Icelandic Financial Crisis*. Sjá Þröstur Olaf Sigurjónsson, „Privatisation and deregulation“, bls. 29.

85 *Forsætisráðuneyti. Samningar. Kaupsamningur um hlutafé milli íslenska ríkisins og Eglu hf., Samvinnulífeyrissjóðsins og Vátryggingafélags Íslands hf. og Eignarhaldsfélagsins Samvinnutryggingar*. Gerður 16. janúar 2003.

Veigamest voru ákvæði um forkaupsrétt innan hópsins og samvinnuskyldu við stjórn bankans, hvort sem það yrði í bankaráði, á aðalfundi eða hlutahafafundi.⁸⁶

Greiðsla kaupverðs og afhending hlutabréfa skildi þannig háttað að í fyrstu lotu myndu um 27,48% eignarhlutur verða afhentur. Lotan átti að fara fram innan við 30 daga frá þeim degi þegar öllum skilyrðum kaupsamningsins yrði mætt. Síðari lotan gat farið fram hvenær sem kaupendurnir óskuðu eftir en þó ekki síðar en 20. desember 2003, líkt og samið hafði verið um í rammaskýrslunni. Þá yrðu eftirstöðvar hlutabréfanna afhentar, um 18,32% af heildarhlutafé bankans.

Greiðsla kaupverðs var í íslenskum krónum og bandaríkjadollurum. Í fyrri lotunni voru greiðslurnar þannig að 4,2 milljarðar áttu að greiðast í íslenskum krónum á móti ríflega 33 milljónum bandaríkjadala. Í seinni lotunni skildu greiddar um 57,1 milljónir bandaríkjadala að viðbættum ríflega 1,55% ársvöxtum sem skildu reiknaðir frá undirritunardegi til greiðsludags.⁸⁷ Kaupverðið gat þó breyst, annars vegar ef gengi bandaríkjadollars tæki breytingum fram að greiðsludegi og hins vegar ef ríkið fengi arð af hlutabréfunum sem það hélt eftir fram að seinni lotunni. Arðgreiðslan skildi þá dragast frá kaupverðinu. Þegar uppi var staðið reyndist kaupverðið vera um 11,2 milljarðar króna sökum þessara áhrifabátta.⁸⁸

86 *Skjalasafn Kers*. Hluthafasamkomulag milli Eglu hf., Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga, Samvinnulífeyrissjóðsins og Vátryggingafélags Íslands. Dags. 16. janúar 2003.

87 Samkvæmt kaupsamingnum var gengi hvers hlutar í fyrri lotunni 4,75 krónur á meðan gengi hlutanna sem greiddir voru í dollurum var 55,569 dollarar fyrir hverja 1000 hluti. Í síðari lotunni var gengi hvers hlutar 57,532 dollarar á hverja 1000 hluti, en þá var kaupverðið greitt alfarið í bandaríkjadollurum.

88 *Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins 2012*. Bankasýsla ríkisins, júní 2012, bls. 20. Samkvæmt skýrslunni var endanlegt kaupverð með tilliti til eigin fjár Búnaðarbankans í samræmi við verð á bönkum á Norðurlöndunum og í Evrópu fyrri hluta árs 2003.

Sérstök ákvæði voru í kaupsamningnum um fjármögnun kaupenda. Þar kom fram að Samvinnulífeyrissjóðurinn og VÍS ætluðu að greiða fyrir sína hluti með óbundnu eigin fé og að Samvinnutryggingar myndu greiða fyrir sinn hlut allt að 35% með lánsfé og afganginn með sölu hlutabréfa og veðsetningu eigna. Eglu var gefinn kostur á að fjármagna sinn hlut í kaupunum að minnsta kosti með 65% eigin fé og í mesta lagi 35% með lánsfé. Hluthafar Eglu myndu ábyrgjast eiginfjárframlag til félagsins svo það gæti staðið við skuldbindingar sínar í kaupunum. Kaupsamningurinn skilyrti hins vegar allar lántökur vegna kaupanna við íslenska banka og var óheimilt að fá lán úr Búnaðarbankanum sjálfum. Samvinnutryggingar höfðu þó heimild til að sækja um lánsfé að hluta til hjá Búnaðarbankanum ef bankastjórn hans vildi bjóða upp á lán í samkeppni við aðrar íslenskar fjármálastofnanir. Raunin varð þó sú að það kom í hlut Landsbankans að lána Samvinnutryggingum vegna kaupanna.⁸⁹ Bankinn lánaði einnig Eglu upp að 35% líkt og heimilt var í kaupsamningi. Egla fékk því lánveitingu að upphæð um 2,9 milljarða króna. Lánið var svokallað kúlulán í myntkörfu til tveggja ára og bar breytilega LIBOR vexti auk 1,25% vaxtaálags.⁹⁰ Samkvæmt skilmálum lánsins skildu vextir greiðast í tvennu lagi, eftir eitt ár af lánstímanum og að lokum samhliða uppgreiðslu lánsins í lok lánstímans. Egla átti ennfremur að greiða öll lántökugjöld. Til tryggingar lagði félagið tæplega einn þriðja af hlutabréfunum sem keypt voru í Búnaðarbankanum. Veðið samsvaraði til um 46% af hlutabréfum

89 *Skjalasafn Kers*. Bréf. Kristinn Hallgrímsson til Fjármálaeftirlitsins. Svar við bréfi FME vegna umsóknar á virkum hlut í BÍ. Dags. 17. febrúar 2003; *Skýrsla um starfsemi Samvinnutrygginga g.t., Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga og dótturfélaga* (Reykjavík: Lagastofnun Háskóla Íslands, október 2009), bls. 27-28.

90 *Skjalasafn Kers*. Samningar. Lánssamningur milli Landsbanka Íslands hf. sem banka og Eglu ehf. sem lántaka. Dags. 18. mars 2003. Svo stendur í samningnum um LIBOR vexti: „Með LIBOR (London Inter Bank Offered Rate) vöxtum er átt við vexti á millibankamarkaði í London eins og þeir eru auglýstir kl. 11:00 á staðartíma í London á BBA-síðu Reuters eða sambærilega vexti eins og þeir birtast á síðu 3750 á Dow Jones Telerate skjá tveimur virkum dögum fyrir hvert vaxtartímabil.“

Eglu í bankanum. Afgangurinn af fjármögnun Eglu fór síðan fram með eiginfjárframlögum. Hauck & Aufhäuser og VÍS greiddu sinn hluta af hlutafjárframlaginu með eigin fé en Ker brá á það ráð að fjármagna sinn hluta með láni í Landsbankanum.⁹¹ Lánið var líkt og lánið til Eglu myntkөрfulán til tveggja ára og var lánsupphæðin tæpur 2,7 milljarður króna. Lánið skildi eingöngu notað vegna skuldbindingu Kers í Eglu. Það bar einnig breytilega LIBOR vexti auk 1,3% vaxtaálags. Líkt og með lánið til Eglu var sérstakur vaxtargjaldalagi eitt ár frá afgreiðslu þess. Lánið skildi síðan að fullu greitt tilbaka að tveimur árum liðnum ásamt vöxtum. Til tryggingar veitti Ker bankanum svokallað negative pledge⁹² á hlutum sínum í Eglu sem þýddi að félagið myndi ekki veðsetja hlut sinn í félaginu.⁹³ Endanleg lánsupphæð í báðum lánasamningum átti að ráðast af gengisskráningu Bandaríkjadollara í þeim myntum sem lánið var tekið í vegna síðar lotu kaupsamningsins.

Um lánveitinguna til Kers segir Guðmundur Hjaltason, sem gerðist forstjóri Kers og framkvæmdastjóri Eglu um það leyti sem gengið var frá lánssamningunum, að fjárhags- og rekstrarstaða Kers hafi verið það öflug að félagið hafi geta fengið lánafyrirgreiðslu af þessu tagi. Lánið var síðan að fullu greitt tilbaka að tveimur árum liðnum líkt og lánið sem Egla fékk vegna kaupanna.⁹⁴

91 Björn Jón Bragason heldur því fram að hlutur Hauck & Aufhäuser hafi verið greiddur með innlendu lánsfé. Það stenst ekki því bankinn greiddi fé í bandaríkjadollurum inn á reikning Seðlabanka Íslands hjá Seðlabanka Bandaríkjanna í New York.

92 „Negative pledge“ þýðir skuldbinding um að veðsetja ekki. Með þessu gaf Ker út loforð um að yrði félagið gjaldþrota á lánstímanum væru hlutabréf félagsins í Ker óveðsett. Þannig kæmu verðmætin sem fælust í hlutafé til skiptana fyrir almenna kröfuhafa í þrotabú Kers.

93 *Skjalasafn Kers. Samningar. Lánssamningur milli Landsbanka Íslands hf. sem banka og Kers hf. sem lántaka.* Dags. 18. mars 2003.

94 *Viðtal.* Höfundur við Guðmund Hjaltason, 5. september 2012. Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, hefur enn fremur staðfest að lánin sem S-hópsfélögin tóku í Landsbankanum vegna kaupanna voru greidd að fullu tilbaka. Sjá: *Vef.* „Halldór vill ekki tjá sig um samskiptin við Sólon.“ *Visir.is*, <http://www.visir.is/halldor-vill-ekki-tja-sig-um->

Eftir söluna áttu stjórnvöld 9,11% eftirstandandi eignarhlut í Búnaðarbankanum. Hluturinn var seldur í opnu áskriftarútboði skömmu eftir undirritun kaupsamningsins við S-hópinn, eða í byrjun mars 2003.

Fjármálaeftirlitið samþykkir söluna

Fjármálaeftirlitið úrskurðaði S-hópinn hæfan til að fara með virkan eignarhlut í Búnaðarbankanum hinn 17. mars 2003. Nokkur atriði komu til skoðunar hjá eftirlitinu sem sérstakt samkomulag var gert um milli þess og fjárfestahópsins.⁹⁵ Þetta voru atriði á borð við að eiginfjárhlutfall í Eglu yrði að vera að lágmarki 30%, að hópurinn myndi gangast við því að styrkja starfsreglur bankans og að erlendur ráðgjafi myndi taka sæti í bankaráði Búnaðarbankans. Í úrskurði Fjármálaeftirlitsins kom einnig fram að S-hópurinn myndi láta eftirlitið vita þegar hópurinn tæki yfir öll hlutabréf ríkisins í bankanum svo það gæti skorið úr um hvort hópurinn og aðilar honum tengdum hafi bakað sér yfirtökuskyldu með yfir 50% virkum eignarhlut. Þetta atriði tengdist eignarhlut Norvikur hf. í Keri sem félagið hafði eignast í nóvember árið áður og síðan selt dótturfélagi sínu, Gerðir ehf. í ársbyrjun 2003. Norvik er fjárfestingafélag sem kennt er við Jón Helga Guðmundsson fyrrverandi forstjóra byggingaverslunarinnar Byko, en hann átti ásamt kaupsýslumanninum Hannesi Smárasyni, þáverandi tengdasyni sínum, hlut í gegnum önnur félög í Búnaðarbankanum. Hannes sat í ársbyrjun 2003 í stjórn Kers.

samskiptin-vid-solon/article/201046065264, dags. 12. febrúar 2010. Sótt 10. september 2013.

95 *Ákvörðun skv. VI. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, vegna mats á hæfi Eglu hf., Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga, Samvinnulífeyrissjóðsins og Vátryggingafélags Íslands hf., til að fara með virkan eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf.* Dags. 17. mars 2003. Hægt er að nálgast ákvörðunina hér: *Vef. „Fjármálaeftirlitið samþykkir kaup á kjölfestuhlut í Búnaðarbanka Íslands. Fréttaflokkur: Fyrirtækjafréttir“*, www.news.icex.is, 18. mars 2003.

Fulltrúar S-hópsins neituðu því í viðræðum sínum við Fjármálaeftirlitið að yfirtökuskylda ætti við þar sem ekkert samkomulag væri um meðferð eignarhluta hópsins í Búnaðarbankanum og hluti tengda Jóni Helga og Hannesi líkt og um kjölfestuhluti væri að ræða. Fyrrgreint samkomulag var þó málamiðlun til að gera Fjármálaeftirlitinu kleyft að skera úr um þetta atriði þegar kaup S-hópsins áttu að ganga að fullu í gegn í árslok 2003.

Í umfjöllun sinni fann Fjármálaeftirlitið einnig að því að ekki væru öll félögin sem mynduðu S-hópin hluthafar í Eglu. Eignarhald í einu eignarhaldsfélagi myndi bæta gagnsæi að mati Fjármálaeftirlitsins, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og auðvelda eftirlit, enda „bein og óbein tengsl umsækjenda við fyrirtæki á íslenskum samkeppnismarkaði talsverð.“ Nokkrar málsbætur voru þó fólgnar í því að hluthafasamkomulag S-hópsfélaganna væri til staðar og myndi það tryggja greiðari úrlausn mögulegra ágreiningsefna í eigendahópnum. Þá var einnig til bóta að tveir aðilar í kaupendahópnum, VÍS og Samvinnulífeyrissjóðurinn, voru sjálfstætt undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins sökum starfsemi þeirra. S-hópurinn féllst því á kröfu Fjármálaeftirlitsins um að skuldbinda sig um að yrði virkur eignarhlutur félaganna í Búnaðarbankanum yfir 33,3% þegar búið væri að ganga frá afhendingu allra hluta ríkisins, myndu VÍS, Samvinnuþryggingar og Samvinnulífeyrissjóðurinn flytja hlutabréf sín inn í Eglu. Samvinnulífeyrissjóðurinn var þó bundin takmörkunum um eign í óskráðum félögum samkvæmt lögum um lífeyrissjóði og því myndu viðræður fara í gang um aðkomu hans milli Fjármálaeftirlitsins og sjóðsins.

Á þessi ákvæði reyndi hins vegar ekki þar sem þeim var öllum mætt þegar komið var fram í desember 2003 er síðari lota kaupsamningsins fór fram. Þá var sameiginlegt hlutafé S-

hópsfélaganna í hinum nýja Kaupþingi Búnaðarbanka hf. komið niður í um 23%, tæplega 10 prósentum undir skilyrði Fjármálaeftirlitsins. Einnig hafði félagið Gerðir horfið á braut úr hluthafahópi Kers. Því reyndust ekki aðstæður til yfirtökuskyldu í bankanum.⁹⁶

Société Générale

Aðkoma erlends fjárfestis að kaupunum í Búnaðarbankanum var talin þýðingarmikil af hálfu forsvarsmanna S-hópsins þrátt fyrir að slíkt hafi ekki verið eitt af skilyrðum þess að kaupa í bankanum samkvæmt auglýsingu einkavæðingarnefndar 10. júlí 2002. Ólafur Ólafsson segir að upplegg hópsins hafi verið þannig að með því að fá erlenda fjármálastofnun að Búnaðarbankanum kæmi til skjalanna nauðsynleg reynsla og þekking af bankamálum við stjórn hans. Vitað var af áhuga stjórnvalda um að fá erlenda aðila til að eiga í bönkunum og því hafi verið lögð á það áhersla að fá einn slíkan með í hópinn. Þessi staðreynd hafi legið nokkuð ljós fyrir, annars vegar með tilraununum til að selja erlendum aðila Landsbankann árið 2001 og í ákvæðum stefnumótunar stjórnvalda frá 1998. Því réði miklu að franskri bankinn Société Générale kæmi að S-hópnum sem fjárfestir, enda var bankinn með stærstu og þekktustu bankastofnunum í Evrópu á þessum tíma.

Frá því að Société Générale var einkavæddur hafði hann fært út kviarnar með kaupum og yfirtökum á bönkum í Mið- og Austur-Evrópu. Því var vitað að hann hafði augastað á frekari vaxtarmöguleikum í Evrópu. Þessi stefna gerði hann áhugasaman um að koma að kaupunum, bæði sem ráðgjafi, og um tíma, sem mögulegur kaupandi.⁹⁷

96 *Skjalasafn Kers. Bréf. Kristinn Hallgrímsson til Fjármálaeftirlitsins. Tilkynning um fyrirhuguð full aðildaskipti hluta í BÍ, dags. 10. desember 2003.*

97 *Viðtal. Höfundur við Ólaf Ólafsson, 5. september 2012.*

Guðmundur Hjaltason segir að Soci t  G n rale hafi n nast fr  upphafi s nt verkefninu  huga. Hann hitti fulltr a bankans fyrst   fundi   starfsst   hans   Frankfurt   lok  g st 2002 eftir   hafa veri  stefnt þanga  af  lafi  lafssyni.

Gu mundur var þ    erindagj r um fyrir Samskip   Rotterdam   Hollandi. Hann kve st hafa kynnt  slenska hagkerfi  fyrir fulltr unum   fundinum og um lei  fj rm lakerfi  og r kisbankana tvo sem stj rnv ld unnu vi    selja kj lfestuhlut  . Hann vi urkennir   eftir þvi sem lei    kynningu hans s ndist honum  hugi bankamannanna fara hverfandi og gruna i honum   þeir þ ttu  slensku bankarnir einfaldlega vera of sm ir. Gu mundur  kva  þvi   bj  a fulltr unum til  slands svo þeir g tu kanna   st  ur frekar og þ  u þeir þ   bo . Nokkrum d gum s  ar komu fulltr arnir til landsins, þeir dr. Michael Sautter og Ralph Darp , og skipul g u Gu mundur og  lafur nokkra kynningarfundir fyrir þ  me  ymsum  dilum, m.a. me  fulltr um Landsbankans, B na arbankans, Se labankans og Þj  hagsstofnunnar. Markmi i  var einfaldlega   veita þeim sem gleggsta s n    slenska hagkerfi .   kj lfari   kv  u fulltr arnir   taka   s r r  gjafarst rf fyrir S-h pinn vegna kaupanna   Landsbankanum, en þ  s luferli var langt komi    þessum t mapunkti.⁹⁸

Einn af r  gj fum HSBC hj  einkav  ingarnefnd, Anders Alfredson, r ddi vi  Sautter um hlutverk Soci t  G n rale innan S-h psins 6. september, sama dag og frestur til   skila inn  tarlegri greinarger  vegna Landsbankakaupanna rann  t. Alfredson ger i grein fyrir samtalinu   t lvup sti til Skarph  ins Bergs Steinarssonar, starfsmanns einkav  ingarnefndar   kj lfari . Þar haf i hann eftir Sautter   Soci t  G n rale mundi ekki koma   kaupunum   Landsbankanum sem fj rfestir þar sem þ  myndi skarast   vi 

98 *Vi tal. H fundur vi  Gu mund Hjaltason, 8. j l  2014*

ráðgjafarhlutverk þeirra. Hins vegar hafi sá möguleiki verið ræddur innan bankans að útvega S-hópnum hefðbundna kaupfjármögnun í tengslum við kaupin. Þannig hafi fjármögnunardeild bankans tekið jákvætt í erindið út frá þeim opinberu upplýsingum um Landsbankann sem hefðu verið fulltrúum hans aðgengilegar.⁹⁹

Breyting varð á hlutverki bankans tæpum mánuði síðar þegar sala á kjölfestuhlutnum í Búnaðarbankanum komst á dagskrá. Þá var Sociétés Générale orðinn áhugasamur um að taka þátt í kaupunum og var hann því nefndur sem hluti af S-hópnum í greinargerðinni sem hópurinn skilað var til einkavæðingarnefndar 31. október. Þátttökuna staðfesti Sautter fyrir hönd bankans í bréfi til Edward Willams, annars ráðgjafa HSBC bankans hjá einkavæðingarnefnd, hinn 4. nóvember. Í bréfinu sagði Sautter að bankinn væri áhugasamur um að skrifa sig fyrir fjárfestingu með eigin fé samkvæmt þeim forsendum sem komu fram í greinargerð S-hópsins. Að auki nefndi Sautter í bréfinu að ónefndur norrænn banki, sem Sociétés Générale ætti í viðræðum við¹⁰⁰, hefði mikinn áhuga á að eiga hlutdeild í kaupunum. Sociétés Générale myndi aukinheldur hafa hug á að

99 *Forsætisráðuneyti. Skjöl Framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Málsnúmer EVN01060001. Anders Alfredsson til Skarphéðins Bergs Steinarssonar. Dags. 6. september 2002. Orðrétt segir í tölvupóstinum: „MS [Michael Sautter] stated that they would not be investing as an equity investor as this would be conflicting with their role as adviser. However, they have discussed the possibility of SocGen providing standard acquisition financing in relation to the transaction and their acquisition financing department is positive to the transaction on the basis of the publicly available information they have had access to so far.“*

100 Ólafur Ólafsson segir að fjárfestahópurinn hafi ekki vitað hver þessi norræni banki var. Þannig var að franskri bankinn hélt ætíð þeim möguleika opnum að koma að öðrum erlendum bönkum að kaupunum og segir Ólafur að þar hafi Sociétés Générale haft marga banka á sínum snærum. Þetta séu þekkt og eðlileg vinnubrögð í fjárfestingabankastarfsemi. *Viðtal.* Höfundur við Ólaf Ólafsson, 5. september 2012.

taka þátt með norræna bankanum í fjárfestingunni yrði sá valkostur ofan á.¹⁰¹

Bankinn vildi þó ekki gefa nein loforð fyrir þátttökunni og tafði það ferlið þegar fram í sótti, fyrst með þeim afleiðingum að staðfesting á þátttöku bankans frestaðist til 13. desember og síðar til 21. janúar. Að endingu gaf bankinn það út að hann yrði ekki með sem fjárfestir. Ástæðan var sú að hann hafði orðið undir í samkeppni við franska bankann Crédit Agricole um kaup á franska stórbankanum, Crédit Lyonnais nokkrum dögum á undan. Sá síðarnefndi varð hlutskarpari í því kapphlaupi og þar af leiðandi var það mat stjórnenda Sociétés Générale að það myndi skaða ímynd bankans að ganga frá kaupum á íslenskum banka á þessum tímamarki með svipaða tengingu við landbúnað og Crédit Agricole - smábanka á evrópskan mælikvarða. Önnur ástæða sem vó þungt hjá Sociétés Générale í ákvörðun sinni voru stjórnmalalegs eðlis og réði þar mestu að umræða um bankasöluna var orðin einum of pólitísk hér á landi. Ekki vildi bankinn bendla sig við slíka umræðu og segir Guðmundur Hjaltason, sem var mest í tengslum við þá Sautter og Darphé, að þar hafi bankinn verið markaður af viðlíka umræðu í Frakklandi nokkrum árum áður.¹⁰² Ákvörðun bankans tilkynnti

101 *Forsætisráðuneyti*. Skjöl Framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Málsnúmer EVN01060001. Dr. Michael Sautter til Edward Williams. Dags. 4. nóvember 2002. Orðrétt segir í bréfinu: „In addition, we are potentially interested in subscribing for an equity investment in the investment vehicle being established by the Group of Investors [S-hópurinn] to acquire the shares in Bunadarbanki, as set out in the proposal sent to the Committee [Einakvæðingarnefnd]. As discussed, we are also progressing talks with a Nordic Bank, who has expressed serious interest in acquiring an interest in the investment vehicle. If these talks are successful, it is intended that the Nordic Bank would subscribe for a significant minority percentage of the investment vehicle. We confirm that Sociétés Générale could remain interested in subscribing for an equity investment in circumstances where the Nordic Bank subscribed for a significant minority shareholding.“

102 *Viðtal*. Höfundur við Guðmund Hjaltason, 18. júlí 2012. Greint er frá samrunaþreifingum á frönskum bankamarkaði t.d. í alþjóðlega viðskiptatímaritinu *The Economist* í árslok 2002. Sjá nánar „Credit where it's due“, *The Economist*, 48:159 (2002), bls. 68-69; „Farmers' folly“, *The Economist*, 51:159 (2002), bls. 103-104.

Darphé á stjórnarfundum í Keri hinn 11. desember og var haft eftir honum á fundinum að bankinn „vildi einfaldlega halda stjórnámálum og viðskiptum aðskildum.“ Þó kvað hann viðskiptalegar forsendur kaupanna ásættanlegar þrátt fyrir að greining bankans á sambærilegum bönkum í norðanverðri Evrópu gæfi til kynna að hægt væri að fjárfesta á mun ásættanlegri kjörum þar en samið hafði verið um í rammasamkomulaginu við íslensk stjórnvöld.¹⁰³ Hlutfé í mörgum erlendum bönkum væri mun ódýrara og jafnvægi í efnahagslífi í markaðslöndum þeirra stöðugra en hér á landi.

Varðandi þetta atriði segir Kristinn Hallgrímsson að sögusagnir um að söluverð Búnaðarbankans hafi verið of lágt og bankinn jafnvel gefinn eins og haldið hefur verið á lofti eigi því ekki við nein rök að styðjast. Verð hlutanna í Búnaðarbankanum var of hátt verðlagt að mati fyrirsvarsmanna S-hópsins og því voru blendnar tilfinningar í huga þeirra þegar endanleg ákvörðun var tekin um hvort ráðast skyldi í kaupin. Þrátt fyrir þetta ákváðu kaupendurnir að halda sig við upphafleg áform og kaupa í Búnaðarbankanum, enda búið að leggja mikla vinnu og fyrirhöfn í verkefnið.¹⁰⁴ Sem dæmi nam heildarkostnaður S-hópsins vegna ráðgjafarvinnu franska bankans og annarra ráðgjafa um 300 milljónir króna, en þar af nam þóknun til franska bankans tæpum 290 milljónum króna. Kostnaðinum var skipt á milli meðlima S-hópsins í sömu hlutföllum og þeir keyptu hluti í Búnaðarbankanum.¹⁰⁵

103 *Skjalasafn Kers*. Fundagerðarbók Olúfélagsins hf. og Kers hf. 2000-2005. Fundargerð stjórnarfundar í Keri hf., dags. 11. desember 2002, bls. 230-231.

104 *Viðtal*. Höfundur við Kristinn Hallgrímsson, 27. júlí 2014.

105 *Skjalasafn Kers*. Samningar. Samkomulag Kers hf., Eglu hf., Samvinnulífeyrissjóðsins, Vátryggingafélag Íslands hf. og Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþryggingar um uppgjör á sameiginlegum kostnaði vegna kaupa á allt að 45,8% alls hlutfjár í Búnaðarbanka Íslands hf. Dags. 15. janúar 2003. Það er því ekki rétt hjá Eiríki S. Jóhannssyni að Samvinnuþryggingar hafi greitt fyrir ráðgjöfina alla eins og Björn Jón Bragason hefur eftir honum. Sjá Björn Jón Bragason, „Sagan af einkavæðingu Búnaðarbankans“, bls. 123.

Ákvörðun Soci t  G n rale var   forv gism nnum S-h psins  fall. Miklar vonir h f u veri  bundnar vi  a komu bankans a  kaupunum og h f u  tlanir h psins gert r   fyrir a  lj ka undirskrift kaupsamnings fyrir  ram t. Gu mundur Hjaltason or a i stemninguna svona þegar þetta var or i  lj st: „Vi  vorum me  b ggum hildar   þessum t mapunkti.“ Þr tt fyrir  kv r un s na skuldbatt Soci t  G n rale sig um a  hafa millig ngu um a   tvega annan erlendan fj rfesta   sinn sta . Þa  t ki hins vegar t ma a  ganga fr  þv .  lafur  lafsson  samt Finni Ing lfssyni, sem r  inn haf i veri  forstj ri V S   lok september 2002, leitu u vegna þessa til einkav  ingarnefndar til a  bi ja um frest   undirskrift kaupsamnings til 13. jan ar.¹⁰⁶ S  frestur var veittur af nefndinni og l tin n  til 21. jan ar.¹⁰⁷  nnur þy ingarmikil  st  a var einnig fyrir frestbei ninni. Br  abirg ani ursta a kostg fniathugunar endursko unarfyrirt kisins Price Waterhouse Coopers   B na arbankanum voru a  mati S-h psmanna  fulln gjandi og kom fram     urnefndum fundi   stj rn Kers 11. desember a  f  þyrfti  tarlegri sky rslu   ur en lengra v ri haldi    ferlinu. Ni ursta a athugunarinnar var forsendan fyrir þv  a  f  erlendan fj rfesti a  kaupunum.¹⁰⁸

Hauck & Aufh user kemur til skjalanna

Fj rir evr pskir bankar komu til  lita af h lfu Soci t  G n rale til a  fylla skar  franska bankans   S-h pnum og var Edward Williams uppl stur um st  una af fulltr a h psins 13. desember. Williams l t einkav  ingarnefnd vita sama dag og kva  hann bankana fj ra vera  s ttanlega fj rfesta vi  fyrstu

106 *Fors tisr  uneyti.* Skj l Framkv mdanefndar um einkav  ingu. M lsn mer EVN01060001. Fundarger ir. Fundur haldinn 13. desember 2002.

107 *Vef.* „B na arbanki  slands hf. – Tilkynning fr  framkv mdanefnd um einkav  ingu. Fr ttaflokkur: Fyrirt kjafr ttir“, www.news.icex.is, 16. desember 2002, s tt 22. okt ber 2013.

108 *Skjalasafn Kers.* Fundager arb k Ol uf lagsins hf. og Kers hf. 2000-2005. Fundarger  stj rnarfundar   Keri hf., dags. 11. desember 2002, bls. 230-231.

skoðun.¹⁰⁹ Einn af þeim var þýski einkabankinn Hauck & Aufhäuser í Frankfurt. Hinir bankarnir voru frá Þýskalandi, Kýpur og einu af löndum Norðurlandanna.¹¹⁰ Skömmu eftir áramótin voru S-hópsmenn upplýstir um að Hauck & Aufhäuser hefði áhuga á að koma að kaupunum. Ákveðið var að bíða með að tilkynna einkavæðingarnefnd hver bankinn væri þangað til þátttaka hans yrði endanlega staðfest. Ólafur Ólafsson segir að reynslan sýndi að flestar upplýsingar sem kæmu til stjórnarráðsins lækju út með einhverjum hætti og óttuðust fulltrúar S-hópsins að slíkur upplýsingaleki myndi bægja erlendum fjárfestum frá og setja verkefnið í enn frekara uppnám.¹¹¹ Við þessu varð einkavæðingarnefnd en fór þó fram á að ráðgjafi sinn hjá HSBC yrði upplýstur um bankann til að meta burði hans til kaupana og var það gert. Ráðgjafinn taldi bankann góðan fjárfesti og „vel ásættanlegan fyrir íslensk stjórnvöld“ þrátt fyrir að „óveruleg tengsl“ væru á milli hans og annarra aðila í S-hópnum.¹¹² Stjórnvöld voru að lokum upplýst um þýska bankann daginn fyrir undirskrift kaupsamningsins.¹¹³

Hauck & Aufhäuser kom að S-hópnum sem eigandi 50% hlutafés Eglu, sem keypti bróðurpartinn af kjölfestuhlutunum, tæplega 32,5% af heildarhlutafé Búnaðarbankans. Eiginlegur hlutur þýska bankans í Búnaðarbankanum var því um 16,25%. Fulltrúi bankans vegna kaupanna var framkvæmdastjóri hans og einn af

109 *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, 1. bindi, bls. 257.

110 *Viðtal*. Höfundur við Ólaf Ólafsson, 5. september 2012. Að sögn Ólafs fékk fjárfestahópurinn ekki að vita hvaða bankar þetta voru, utan Hauck & Aufhäuser.

111 Sama heimild.

112 *Forsætisáðuneyti*. Skjöl Framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Málsnúmer EVN01060001. Fundargerðir. Fundur haldinn 9. janúar 2003.

113 „Valgerður staðfestir að mistök voru gerð við einkavæðingu á bæði Landsbanka og Búnaðarbanka.“ *Eyjan.is*, <http://eyjan.pressan.is/frettir/2010/04/13/valgerdur-stadfestir-ad-mistok-voru-gerd-vid-einkavaedingu-a-baedi-landsbanka-og-bunadarbanka/>, dags. 13. apríl 2010, sótt 10. september 2013.

eigendum, Peter Gatti, og kom hann til landsins ásamt lögfræðingi bankans, Martin Zeill, til að ganga frá kaupnum.¹¹⁴ Gatti ræddi kaupin í fjölmiðlum við undirritunina og sagði bankann hafa skoðað Búnaðarbankann vel og gaumgæfilega mánuðina fyrir kaupin. Skoðunin hafi leitt í ljós góða niðurstöðu og væri því um ákjósanlega fjárfestingu að ræða. Hann sagði vaxtarmöguleika bjóðast bankanum og mætti þannig auka virði hans. Einnig kvaðst hann sjá þann möguleika að Hauck & Aufhäuser gæti veitt Búnaðarbankanum ýmsa sérfræðiþekkingu svo sem í sjóða- og eignastýringu. Gatti var einnig spurður út í hversu lengi Hauck & Aufhäuser hugðist eiga í Búnaðarbankanum og svaraði hann því til að það væri í tvö ár hið minnsta.¹¹⁵ Þó sagði hann í viðtali í kvöldfréttum *Stöðvar 2* að ekki væri um framtíðarfjárfestingu að ræða þar sem bankinn væri „fjármagnsfjárfestir“, eins og haft var eftir honum.¹¹⁶

Innan S-hópsins varð samkomulag um að Michael Sautter yrði fulltrúi Hauck & Aufhäuser í stjórn Eglu. Nokkrum vikum síðar var hann kjörinn af aðalfundi Búnaðarbankans sem einn af fulltrúum S-hópsins í bankaráð Búnaðarbankans. Með því var skilyrði Fjármálaeftirlitsins um erlendan ráðgjafa í stjórn bankans mætt. Við sameiningu Búnaðarbankans og Kaupþings vorið eftir tók Gatti síðan við keflinu af Sautter þegar fyrsta stjórn sameinaðs banka var kjörinn. Þar sat Gatti í tvö ár eða fram að aðalfundi bankans vorið 2005. Gatti tók einnig við sæti Sautter í stjórn Eglu á aðalfundi félagsins árið 2004.

114 *Viðtal*. Höfundur við Ólaf Ólafsson, 5. september 2012. Peter Gatti gat ekki veitt höfundi viðtal við vinnslu greinarinnar.

115 Þetta kom fram í viðtali við Peter Gatti í útvarpsþættinum *Speglinum á Rás 1* 16. janúar 2003. Upptaka af þættinum er varðveitt á Safnadeild Ríkisútvarpsins.

116 Handrit fréttar frá kvöldfréttatíma *Stöðvar 2* um sölu Búnaðarbankans 16. janúar 2003. Handritið er varðveitt í vörslu Fjölmiðlavaktar Credit Info á Íslandi. Gatti útskýrði ekki frekar hvað hann átti við með hugtakinu „fjármagnsfjárfestir“ en leiða má líkur að því að hér hafi hann átt við „kjölfestufjárfestir“.

Hauck & Aufhäuser og Búnaðarbankinn skoðuðu samstarfsfleti skömmu eftir undirritun kaupsamningsins. Gatti átti samtöl við stjórnendur Búnaðarbankans meðan hann var hér á landi vegna undirritunarinnar og var ákveðið að fulltrúar bankanna myndu hittast í framhaldinu til að kanna frekari samstarfsmöguleika. Tveir fulltrúar Búnaðarbankans fóru skömmu síðar í ferð til starfsstöðvar Hauck & Aufhäuser í München og hittu Gatti og fleiri starfsmenn. Fundurinn leiddi í ljós að möguleikar á samstarfi bankana voru einkum þrjú: þjónusta við fyrirtæki, eignastýring og loks rannsóknir og greiningarvinna.¹¹⁷ Við þetta má bæta að bankaráð Búnaðarbankans fundaði með fulltrúum Hauck & Aufhäuser ytra, einmitt til að ræða samstarf.¹¹⁸ Ekkert varð af frekara samstarfi þegar fram í sótti vegna samruna Búnaðarbankans og Kaupþings, en þá varð sú stefna ofan á að fylgja þeirri uppbyggingu sem Kaupþing hafði staðið fyrir í viðskiptum sínum erlendis árin á undan.¹¹⁹

Þegar komið var fram í mars 2004 hafði gengi hlutabréfa Eglu í Búnaðarbankanum, sem þá var orðinn að KB banka, hækkað verulega. Um leið jókst verðmæti eignasafns Eglu, sem einungis voru hlutabréf í Búnaðarbankanum. Fór svo að Hauck & Aufhäuser óskaði eftir að minnka hlutabréfaeign sína í félaginu til að innleysa hagnað af fjárfestingunni.¹²⁰ Það gerði hann óbeint í nokkrum skrefum, fyrst með því að selja Eglu 32,3% af eigin bréfum í félaginu í mars 2004. Til að fjármagna kaupin var

117 *Skjalasafn Kers*. Bréf. Kristinn Hallgrímsson til Fjármálaeftirlitsins. Svar við bréfi FME vegna umsóknar á virkum hlut í BÍ, dags. 17. febrúar 2003.

118 *Viðtal*. Höfundur við Hjörleif Jakobsson, 9. október 2012. Hjörleifur varð formaður bankaráðs Búnaðarbankans eftir að S-hópurinn tók við stjórnartaumunum í honum. Hann sat síðan í stjórn bankans eftir að bankinn sameinaðist Kaupþingi fram í október 2008.

119 Þetta hefur Sigurður Einarsson, fyrrum starfandi stjórnarformaður Kaupþings, staðfest við höfund.

120 *Viðtal*. Höfundur við Guðmund Hjaltason, 5. september 2012.

eigið fé félagsins lækkað sem nam hlutfallinu og nam virði sölunnar um 59,6 milljónir bandaríkjadollara fyrir þýska bankann.¹²¹ Eftir viðskiptin var eignarhlutur Hauck & Aufhäuser í Eglu orðinn 26,14%. Um leið hækkaði eignarhlutur Kers í félaginu í 73,12% og hlutur VÍS í 0,74%. Forsendan fyrir því að Hauck & Aufhäuser gat selt bréfin í Eglu var samþykki viðskiptaráðherra, en fyrir því var sérstök heimild í kaupsamningnum eins og áður hefur verið rakið. Beiðni þess efnis var send til ráðherra 27. febrúar 2004 af stjórn Eglu og rökstuddi hún að vegna samruna Kaupþings og Búnaðarbankans væri S-hópurinn ekki lengur kjölfestuhluthafi í bankanum. Forsendur sölubannsins væru þar með í reynd brostnar. Almenn lög um eignarhald í fjármálastofnunum og viðskiptabönkum ættu því að gilda um eignarhlut félaganna í bankanum, en ekki ákvæði kaupsamningsins sem höfðu grundvallað sölubannið.¹²² Ráðherra samþykkti beiðnina eftir stutta umfjöllun 8. mars. Sölutakmörkunin rann loks úr gildi 16. október 2004.

Hauck & Aufhäuser tók ekki þátt í hlutafjánhækkun sem fram fór í Eglu í árslok 2004 til að mæta kostnaði vegna hlutafjárukningar félagsins í KB banka. Því lækkaði hlutafjäreign þýska bankans lítillega og varð 23,12%. Eignaraðild bankans í Eglu lauk síðan í júní 2005 þegar bankinn tók tilboði Kjalars, eignarhaldsfélagi Ólafs Ólafssonar, um kaup á öllu hlutafé bankans í félaginu. Kaupverðið hljóðaði upp á 5,5 milljarða íslenska króna.¹²³ Þar með lauk eignaraðild þýska bankans að Eglu og um leið KB

121 *Skjalasafn Kers*. Samningar. Sölusamningur Hauck & Aufhäuser og Eglu. Dags. 25. mars 2004.

122 *Skjalasafn Kers*. Bréf. Kristinn Hallgrímsson til Viðskiptaráðuneytisins. Beiðni um samþykki fyrir sölu hluta í Eglu hf., dags. 27. febrúar 2004.

123 *Vef*. „Kaupþing banki – Viðskipti með hlut í Eglu“, www.news.icex.is, 14. júní 2005, sótt 24. október 2013; *Skjalasafn Kers*. Bréf. Ólafur Ólafsson til Martin Zeil [lögmanns Hauck & Aufhäuser], dags. 6. júní 2005.

banka, tæpum tveimur og hálfu ári eftir undirritun kaupsamningsins við íslensk stjórnvöld.

Gagnrýni Vilhjálms Bjarnasonar

Skömmu eftir brotthvarf Hauck & Aufhäuser úr hluthafahópi Eglu fór að bera á gagnrýnisröddum um söluferlið. Fremstur í flokki var Vilhjálmur Bjarnason þáverandi aðjúntkt við Háskóla Íslands og framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta. Hann settir fram harða gagnrýni á aðkomu þýska bankans að Eglu og Búnaðarbankanum sem fékk mikla athygli. Gagnrýnin fólst aðallega í því að bankinn hafi ekki verið raunverulegur eigandi hlutabréfa sinna í Eglu vegna þess að hann gaf ekki bréfin upp í ársreikningum sínum. Einnig hélt Vilhjálmur því fram að þýski bankinn hefði sjálfur lánað S-hópnum til að kaupa hlutabréfin í Búnaðarbankanum.¹²⁴ Sama dag og greint var frá gagnrýni Vilhjálms sendu Hauck & Aufhäuser og Egla frá sér fréttatilkynningu til fjölmiðla þar sem gagnrýninni var alfarið hafnað.¹²⁵ Tæpu hálfu ári síðar taldi Vilhjálmur sig hafa frekari gögn til til að styðja mál sitt og gerði hann grein fyrir þeim í þættinum *Silfri Egils* á sjónvarpsstöðinni *NFS* 19. febrúar 2006. Í framhaldinu fór hann á fund hjá Ríkisendurskoðun þar sem hann afhenti embættinu gögnin.¹²⁶ Embættið hafði gefið út tilkynningu eftir þáttinn að því væri ókunnugt um hinar nýju upplýsingar Vilhjálms.

124 „Þýski bankinn aldrei hluthafi í Búnaðarbankanum“, *Morgunblaðið*, 27. júní 2005, bls. 2.

125 „Ekkert hæft í ummælum Vilhjálms“, *Morgunblaðið*, 28. júní 2005, bls. 2; „Hlutabréfin voru bókuð í ársreikningum bankans“, *Morgunblaðið*, 28. júní 2005, bls. 2. Daginn eftir var greint frá því í fjölmiðlum að íslensk þýðing á fréttatilkynningu Hauck & Aufhäuser sem var á ensku hafi verið ranglega þýdd þegar sagt var að hlutabréfin hafi verið bókuð í ársreikningum bankans. Hið rétta var að þau voru skráð í bókum bankans samkvæmt tilkynningunni. Sú setning hljóðar svo: „During the investment period, we held the shares of the intermediary holding company EGLA in our own books.“ Sjá „Búnaðarbanka ekki getið í ársreikningi“, *Fréttablaðið*, 29. júní 2005, bls. 1; *Skjalasafn Kers*. Tilkynningar. Declaration from Hauck & Aufhäuser regarding discussions about the Icelandic State's selling of the Bunadarbanki bank (afrit), dags. 27. júní 2005.

126 Þetta voru ársreikningur Hauck & Aufhäuser fyrir árið 2003, þrjár blaðsíður úr skráningarlýsingu Eglu vegna skuldabréfútgáfu félagsins fyrir árið 2005, yfirlýsing þýska

Til að kanna hvað hæft væri í fullyrðingum Vilhjálms vann Ríkisendurskoðun samantekt sem síðar var send til fjárlaganefndar Alþingis vegna umfjöllunar þingsins um málið. Meðal þeirra gagna sem embættið aflaði var álit Stefáns Svavarssonar, löggilts endurskoðanda og dósentis við Háskólann í Reykjavík, „á því hvort unnt væri að fullyrða“ út frá ársreikningum Hauck & Aufhäuser að bankinn hafi ekki keypt hlutabréf í Eglu. Stefán komst að þeirri niðurstöðu að fjárfesting þýska bankans hafi „rúmast vel“ innan efnahagsreikningsins í ársreikningnum. Að sama skapi hafi sala bankans á hlutabréfunum í Eglu rúmast vel innan tekjuliða ársreiknings bankans söluárið 2004. Þó tók Stefán fram að hið gagnstæða ætti raunar við því ekki væri með „beinum hætti“ nefnt að bankinn ætti í Eglu. Ekki var hins vegar skylda í reglum um reikningsskil banka að gera grein fyrir einstökum fjárfestingum í hlutabréfum og því hafði Hauck & Aufhäuser fulla heimild að mati Stefáns til haga frágangi ársreiknings síns með þeim hætti sem raun bar vitni.¹²⁷

Fulltrúar Ríkisendurskoðunar funduðu einnig með Guðmundi Hjaltasyni og Kristni Hallgrímssyni sem lögðu embættinu í té samtals 33 skjöl úr fórum Eglu til að sýna fram á að þýski bankinn væri raunverulegur eigandi bréfa sinna í félaginu. Meðal þeirra voru fundargerðir, bréf, kaupsamningar og umboð sem Hauck & Aufhäuser hafði sent til að stýra eign sinni í félaginu. Ríkisendurskoðun aflaði sér einnig staðfestingu bankans á að hafa átt hlutabréfin í Eglu og staðfestingu KPMG í Þýskalandi, endurskoðanda bankans, um að hlutabréfin umræddu hafi verið færð til bókar eins og þýsk lög sögðu til um.

bankans frá 27. júní 2005 um aðkomu sína að Búnaðarbankanum og ljósrit af glærum sem Vilhjálmur studdist við og kynnti í þættinum *Silfri Egils*.

127 *Skjalasafn Kers*. Bréf. Stefán Svavarsson til Sigurðar Þórðarsonar ríkisendurskoðanda (afrit), dags. 1. mars 2006.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar var sú að ekkert gæfi tilefni til þess að gagnrýni Vilhjálms ætti við rök að styðjast.¹²⁸ Þetta var í samræmi við niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins tveimur árum áður sem einnig hafði kannað aðkomu þýska bankans að S-hópnum.¹²⁹ Þýski bankinn var því samkvæmt þessu eigandi bréfa sinna í Eglu.

Sjálfur sagði Peter Gatti í viðtali við *Markaðinn*, viðskiptablað *Fréttablaðsins*, í kjölfar ummæla Vilhjálms að hlutabréf bankans hefðu verið færð til bókar í veltubók bankans samkvæmt þýskum lagafyrirmælum um reikningsskil. Í viðtalinu ítrekaði hann einnig að bankinn átti sjálfur bréfin sín í Eglu og að engir baksamningar hafi verið gerðir í tengslum við fjárfestinguna, hvorki skriflegir né munnlegir.¹³⁰

Lykilstaða Kaupþings

Nokkrum dögum eftir að samþykki Fjármálaeftirlitsins lá fyrir, eða laugardaginn 22. mars 2003, fór aðalfundur Búnaðarbankans fram þar sem formleg eigendaskipti áttu sér stað. Fyrir hönd S-hópsins komu inn í bankaráðið þeir Finnur Ingólfsson, Michael Sautter og Hjörleifur Jakobsson, forstjóri Olíufélagsins. Hann varð jafnframt formaður ráðsins. Jón Helgi Guðmundsson og Sigríður Elín Sigfúsdóttir hlutu endurkjör í bankaráðið á fundinum en þau höfðu fyrst verið kjörin í það árið áður.¹³¹ Hjörleifur sagði í viðtali við *Morgunblaðið* að þessu tilefni að ljóst væri að áhugi væri hjá „mörgum fyrirtækjum“ á íslenskum fjármáلامarkaði á hagræðingu með

128 *Samantekt Ríkisendurskoðunar til formanns fjárlaganefndar Alþings. Um fund Vilhjálms Bjarnasonar með Ríkisendurskoðun vegna „nýrra“ gagna og upplýsinga um sölu á 45,8% hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. til hins svokallaða S-hóps, dags. 28. mars 2006.* Samantektina má nálgast á vef Ríkisendurskoðunar, www.rikisendurskodun.is.

129 *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. 8. bindi (Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis 2010), bls. 28.

130 „Segir bankann ekki lepp í einkavæðingu“, *Markaðurinn*, 22. febrúar 2006, bls. 1.

131 *Vef. „Niðurstöður aðalfundar Búnaðarbanka Íslands hf. 22. mars 2003. Fréttaflokkur: Hluthafafundir“*, www.news.icex.is, 24. mars 2003, sótt 22. október 2013.

samrunum. „Við munum taka þátt í því og skoða alla þá möguleika sem eru fyrir hendi,“ lét hann hafa eftir sér í blaðinu. Hjörleifur neitaði því hins vegar að viðræður væru hafnar um sameiningu. Nýtt bankaráð Búnaðarbankans myndi skoða málið frekar þegar það kæmi saman á sínum fyrsta fundi.¹³²

Það gerðist strax mánudaginn eftir aðalfundinn og þar sem bankaráðið ræddi nokkra kosti í sameiningarmálum, m.a. hvort taka ætti upp viðræður við Landsbankann eða Kaupþing. Fram kom í fundargerð að líklegt væri talið að Kaupþing myndi annað hvort vilja sameinast Landsbankanum eða Búnaðarbankanum. Engin ákvörðun var hins vegar tekin á fundinum um framhaldið.¹³³ Framvindan var þó hraðari en Hjörleifur bjóst við. Daginn eftir fundinn barst bankaráðinu bréf frá stjórn Kaupþings banka þar sem óskað var eftir viðræðum „um nánara samstarf, sameiningu eða samruna bankanna.“¹³⁴ Bankaráðið kom saman til fundar tveimur dögum síðar og ákvað að taka boði Kaupþings um viðræður.

Boð Kaupþings var í takt við það sem hafði verið í umræðunni mánuðina á undan í fjölmiðlum um mögulega samruna fjármálafyrirtækja hér á landi, kannski ekki að ósekju þar sem búist var við að nýjar áherslur myndu fylgja nýjum eigendum í gömlu ríkisbönkunum tveimur.

Á síðum *Viðskiptablaðsins* er þessi umræða einkum áberandi, svo einhver dæmi séu nefnd. Í umfjöllun blaðsins 15. janúar 2003,

132 „Hjörleifur formaður bankaráðs“, *Morgunblaðið*, 24. mars 2003, bls. 11.

133 Helgi Skúli Kjartansson, „Í tröllahöndum: Um einkavæðingu Búnaðarbankans“, bls. 137. Í greininni segir Helgi Skúli frá fundargerð umrædds stjórnarfundar sem hann sá eitt sinn. Tekið skal fram að Arion banki, sem hefur fundargerðir bankaráðs Búnaðarbankans í sinni vörslu, hafnaði beiðni höfundar um að fá að skoða fundargerðirnar vegna vinnslu þessarar ritgerðar. Bankinn kvaðst bundinn af ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki varðandi þagnarskyldu.

134 Vef. „Búnaðarbanki Íslands hf. – Hugsanlegt samstarf við Kaupþing. Fréttaflokkur: Hluthafafundir“, www.news.icex.is, 27. mars 2003, sótt 22. október 2013.

daginn fyrir undirskrift kaupsamnings S-hópsins og stjórnvalda, sagði að samkvæmt heimildum þess væri „núningur“ uppi á „milli væntanlegra eigenda Landsbankans og Búnaðarbankans um það hver komi til með að ganga inn í sameiningu við Kaupþing.“ Þannig hafi Samson verið að „þefa af“ Kaupþingi og höfðu átt sér stað „óformlegar samningaviðræður um mögulega sameiningu félaganna.“ Aftur á móti tók greinarhöfundur fram að í kjölfar yfirvofandi kaupa S-hópsins á kjölfestuhlut í Búnaðarbankanum „virðast Kaupþingsmenn vilja halda að sér höndum og bíða rólegir eftir því hvor gerir félaginu hagstæðara tilboð.“¹³⁵ Önnur úttekt blaðsins sem birtist miðvikudaginn 26. mars greindi loks frá því að Íslandsbanki væri einnig með Búnaðarbankann undir smásjánni. Félög tengd bankanum, Fjárfestingafélagið Straumur, Lífeyrissjóðurinn Framsýn og Lífeyrissjóður verslunarmanna, höfðu nokkrum dögum fyrr keypt drjúgan hlut í Búnaðarbankanum, rúmlega 18% af hlutafé hans¹³⁶, og skýrði greinarhöfundur það þannig að þar væri bankinn að „kaupa sig til áhrifa“. Fram kom einnig að Kaupþing væri ennþá inni í myndinni enda höfðu stjórnendur bankans „í sjálfu sér aldrei farið leynt með áhuga sinn á að sameinast Búnaðarbanka,“ en því viðhorfi áttu þeir nýlega að hafa ítrekað á starfsmannafundi í bankanum. Samson menn voru hins vegar ekki eins líklegir og áður í sameiningarmálum að mati greinarhöfundar. „Af ýmsum pólitískum ástæðum er gert ráð fyrir að Samson-hópurinn haldi sig nokkuð til hlés þar til eftir kosningar. Það er hins vegar spurning hvaða kostir verða eftir þá.“¹³⁷ Þessu til viðbótar spruttu upp vangaveltur um hugsanlega sameiningu Kaupþings, Búnaðarbankans og VÍS eftir að Kaupþing keypti 19,9% hlut Kers í VÍS hinn 20.

135 Júlíus Fjeldsted, „Kaupþing í sigtinu“, *Viðskiptablaðið*, 15. janúar 2003, bls. 4.

136 „Aðilar nátengdir Íslandsbanka eiga um 17% í Búnaðarbankanum“, *DV*, 10. mars 2003, bls. 56.

137 Sigurður Már Jónsson, „Búnaðarbankinn í lykilhlutverki“, *Viðskiptablaðið*, 26. mars 2003, bls. 6.

mars.¹³⁸ Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri Kaupþings hafnaði þessu í viðtali við *Morgunblaðið* og sagði einungis um góða fjárfestingu að ræða fyrir bankann.¹³⁹

Hérna má glöggjt sjá að upphaf formlegra viðræðna Búnaðarbankans og Kaupþings hafi í reynd verið endahnúturinn á þreifingum sem átt höfðu sér stað þessa fyrstu mánuði ársins 2003 um sameiningar á íslenskum bankamarkaði. Þetta staðfestir Ólafur Ólafsson sem segir að „allir voru í raun að þreifa á öllum.“ Ekki hafi því neitt verið ákveðið fyrirfram eins og skýringar um að ákvörðun um sameiningu Búnaðarbankans og Kaupþings hafi verið tekin á meintum leynifundi þeirra Ólafs, Finns Ingólfssonar og Sigurðar Einarssonar í október 2002.¹⁴⁰ Ólafur segist hins vegar hafa fundað með fulltrúum allra stóru íslensku bankanna á þessum tímamarki fyrir hönd S-hópsins: með forsvarsmönnum Íslandsbanka, þeim Bjarna Ármannssyni bankastjóra og Kristjáni Ragnarssyni formanni bankastjórnar, forsvarsmönnum Kaupþings og loks Björgólfi Guðmundssyni fyrir hönd Landsbankans.¹⁴¹ Guðmundur Hjaltason sat nokkra þessara funda með honum og einnig Jón Helgi Guðmundsson, bankaráðsmaður í Búnaðarbankanum.¹⁴² Ólafur segir að ekki hafi

138 „Sameinast Kaupþing, VÍS og Búnaðarbanki?“, *Morgunkorn Íslandsbanka*, 20. mars 2003.

139 „Kaupþing kaupir 20% hlut Kers í VÍS“, *Morgunblaðið*, 21. mars 2003, bls. 14.

140 Skýringin um að samruni Kaupþings og Búnaðarbankans hafi verið ákveðinn á leynifundi á skrifstofu Sunds ehf. í litla turni Kringlunnar kemur fram í grein Björns Jóns í hausthefti *Sögu* 2011. Þetta hefur hann eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni, fyrrum bankastjóra Landsbankans, sem gaf þessa skýringu upp í yfirheyrslum hjá Rannsóknarnefnd Alþingis. Einnig hefur Björn Jón þetta eftir ónafngreindum heimildarmönnum. Geti má þess að Sigurjón var framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Búnaðarbankans þangað til S-hópurinn tók við stjórnartaumunum í Búnaðarbankanum. Þá hætti hann störfum fyrir bankann og hóf störf sem bankastjóri Landsbankans. Ólafur, Sigurður og Finnur, spurðir af höfundum þessarar greinar, hafa allir neitað því að umræddur fundur hafi átt sér stað. Sjá Björn Jón Bragason, „Sagan af einkavæðingu Búnaðarbankans“, bls. 125-127.

141 *Viðtal*. Höfundur við Ólaf Ólafsson, 5. september 2012.

142 Þetta hafa Jón Helgi og Guðmundur staðfest við höfund. Jón Helgi kvaðst ekki hafa neina áætlun um samruna á þessum fundum heldur hafi hann viljað heyra hver áhugi hinna bankanna væri og hvar væri hugsanlega um góð framtíðartækifæri að ræða.

verið ljóst í fyrstu hver myndi sameinast hverjum en fundirnir þjónuðu einungis þeim tilgangi að kanna hvernig landið lá í þessum efnunum. Samruni einhverja lá þó í loftinu. Þegar vikurnar liðu var hins vegar orðið ljóst að annað hvort Búnaðarbankinn eða Landsbankinn myndu sameinast Kaupþingi og fyrir því lágu vissar forsendur. S-hópsmenn höfðu í sinni undirbúningsvinnu látið máta Búnaðarbankann við hina bankana út frá hagkvæmni og gildandi lögum og hafði Michael Sautter greint kostina í stöðunni fyrir hópinn. Greining hans var m.a. kynnt á sérstökum kynningarfundum sem ráðgjafar Sociétés Générale héldu með fulltrúum S-hópsins á Grand hóteli í Reykjavík 15. nóvember 2002. Þar kynntu ráðgjafarnir m.a. mat sitt á mögulegri verðmætaaukningu Búnaðarbankans ef kæmi til samruna hans við ýmist Kaupþing, Landsbankann eða VÍS.¹⁴³

Í samrunaþreifingunum hafi komið fram að ekki yrði af formlegum viðræðum um samruna við Landsbankann, enda hefðu forsendur fyrir samruna bankanna lítið breyst síðan Samkeppnisráð hafnaði honum í árslok 2000. Samruni Búnaðarbankans við Íslandsbanka var einnig skoðaður. Stjórnendur Íslandsbanka höfðu um nokkurt skeið haft áhuga á Búnaðarbankanum og lýstu því m.a. yfir við einkavæðingarnefnd þegar kjölfestusalan hófst í júlí sumarið áður að samruni bankana væri góður kostur til að ná fram hagræðingu á íslenskum bankamarkaði. Til að kanna til hlítar stöðu mögulegs samruna við Íslandsbanka gagnvart samkeppnislögum aflaði S-hópurinn álits hjá lögmanninum Gesti Jónssyni um hvort unnt væri að sameina bankana. Gestur taldi svo ekki vera og því var sá kostur sleginn út af borðinu. Einnig hafði áhrif á þá ákvörðun að einkavæðingarnefnd hafði hafnað Íslandsbanka sumarið áður, einmitt út af samkeppnissjónarmiðum. Kaupþing var því eini mögulegi sameiningarkosturinn í stöðunni. Ólíkt

143 *Skjalasafn Kers*. Fundargerðarbók Olíufélagsins hf. og Kers hf. 2000-2005. Fundargerð stjórnarfundar í Keri hf., dags. 15. nóvember 2002, bls. 222.

Landsbankanum og Íslandsbanka var Kaupþing nær eingöngu fjárfestingabanki og kom hann því sterklega til álita sem sameiningarkostur - líkt og þegar FBA og Íslandsbanki runnu saman tæpum þremur árum áður.¹⁴⁴

Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, greinir frá því að Björgólfsfeðgar og Ólafur Ólafsson hafi komið af fullum áhuga að máli við sig, bæði þegar báðir aðilar voru að ganga frá kaupsamningum við ríkið og eftir að samningar voru undirritaðir. Þó fannst honum að Björgólfsfeðgar væru að reyna skapa sér „einhverja samningsstöðu“ þar sem þeir töldu sig eiga fleiri samrunakosti í stöðunni. Sigurður mat því stöðuna svo að þeir vildu ráða ferðinni við hugsanlega sameiningu Landsbankans og Kaupþings. „Væntanlega hefur þá grunað að það vildum við í Kaupþingi banka einnig gera.“ Sigurður sagði Ólaf aftur á móti hafa lagt á það áherslu að kæmi til sameiningarferlis Búnaðarbanka og Kaupþings myndi mestur árangur nást ef Kaupþing yrði ráðandi. Réði þar ef til vill mestu að Ólafur vissi af því að Sigurður var ekki hrifinn af helmingaskiptum og of miklum málamiðlunum við stjórn bankans. Í huga Sigurðar komu báðir kostir til greina og var mat hans og stjórnenda Kaupþings að fjölmörg sóknartækifæri fælust með samruna við annan hvorn bankann. Lykilspurningin var hins vegar viðhorf nýrra eigenda þeirra og réði það að endingu úrslitum um hvor bankinn yrði fyrir valinu. Kaupþingsmenn voru því fljótir að taka ákvörðun eftir að S-hópsmenn voru komnir við stjórnvölinn í Búnaðarbankanum og segir Sigurður að viðræðuóskin hafi komið Hjörleifi Jakobssyni nýbökuðum bankaráðsformanni á óvart. „Þetta frumkvæði okkar kom flatt upp á hann og flesta aðra stjórnarmenn Búnaðarbankans. Allir vissu að um frekari hagræðingu yrði að ræða í bankakerfinu en fáa óraði fyrir að

144 *Viðtal. Höfundur við Ólaf Ólafsson, 5. september 2012.*

hlutirnir myndu gerast svona hratt og að við skyldum reyna við Búnaðarbankann.“¹⁴⁵

Ólafur staðfestir þetta og segir að ósk Kaupþingsmanna um viðræður hafi komið mun fyrr en hann átti von á. Í raun hafi Búnaðarbankanum verið stillt upp við vegg þegar bréf Kaupþingsmanna barst skömmu eftir aðalfund bankans. Tímaraminn sem settur hafi verið upp í kjölfarið hafi einnig verið of hraður að mati Ólafs. Þó var ákveðið að taka slaginn því aðstaða Búnaðarbankans var í reynd takmörkuð. Ef ekki tækist að klára ásættanlega sameiningu við Kaupþing myndi Búnaðarbankinn hætta á að verða hálfgerð „eyland“ sem lítill afmarkaður banki með takmarkaða vaxtarmöguleika. Þá hefðu kaup S-hópsins á kjölfestuhlutnum í Búnaðarbankanum, sem forsvarsmenn hans voru sammála um að hafi verið dýr fjárfesting, skilað litlu fyrir vöxt bankans.¹⁴⁶

Viðræður Búnaðarbankans og Kaupþings stóðu yfir í tæpar þrjár vikur. Helst var deilt um skiptihlutföll og verðmætamat hvors banka en einnig um framtíðarsýn og uppbyggingu. Réði miklu hversu mikil gæði voru fólgin í lánasafni og fjárfestingum

145 Kafli úr drögum af endurminningabók Sigurðar Einarssonar í varðveislu höfundar, dagsettur ágúst 2005. Sigurður afhenti höfundi kaflann vegna vinnslu þessarar greinar. Við þetta má bæta að Sigurður greindi frá því í skýrslutökum hjá Rannsóknarnefnd Alþings að hann hafi átt „ítrekað fundi“ með Björgólfi Guðmundssyni og Björgólfi Thor um mögulegan samruna Kaupþings og Landsbankans. Ármann Þorvaldsson, fyrrverandi bankastjóri Kaupþing Singer & Friedlander í London, hefur að auki greint frá áhuga Samson manna á Kaupþingi. Hann var þá einn af millistjórnendum bankans. Björgólfsfeðgar hafa hins vegar neitað þessu. Sjá: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, 8. bindi, bls. 29; Ármann Þorvaldsson, *Ævintýraeyjan Ísland. Uppgangur og endalok fjármálaveldis*, 2009, bls. 115-116; Björgólfur Thor Björgólfsson, „Að draga siðferðilegar ályktanir af ófullnægjandi gögnum. Athugasemdir við skýrslu undirnefndar RNA um siðferði og starfshætti sem birtust í 8. bindi skýrslu nefndarinnar – Grein 25.“ *Björgólfur Thor Björgólfsson*, <http://www.btb.is/hrunid/athugasemdir-vid-skyrslu-rna/ad-draga-sidferdilegar-alyktanir-af-ofullnaegjandi-gognum/>, ódagsett, sótt 10. september 2013.

146 *Viðtal*. Höfundur við Ólaf Ólafsson, 5. september 2012.

þeirra beggja.¹⁴⁷ Samrunaáætlun leit að endingu dagsins ljós og var hún samþykkt í stjórnnum bankanna 12. apríl. Fyrirvari var þó settur við samþykki Samkeppnisráðs á samrunanum, niðurstöðu kostgæfniathugunar matsmanna, sem urðu fulltrúar KPMG og Deloitte & Touche, og samþykki hluthafafunda beggja banka. Samkvæmt samrunaáætluninni urðu skiptihlutföll þannig að hluthafar Kaupþings fengu um 51,77% af hlutafé sameinaðs banka og hluthafar Búnaðarbankans 48,23%. Hreiðar Már Sigurðsson og Sólon R. Sigurðsson urðu bankastjórar, Sigurður Einarsson varð starfandi stjórnarformaður og Hjörleifur Jakobsson varaformaður bankastjórnar. Hins vegar var gerður starfslokasamningur við Árna Tómasson, annars af bankastjórum Búnaðarbankans. Níu fulltrúar áttu loks að skipa bankastjórn sameiginlegs banka sem yrði skráður bæði í Kauphöll Íslands og í Kauphöllina í Stokkhólmi í Svíþjóð. Sameiginlegt markaðsverðmæti nýs bank varð tæpur 61 milljarður sem gerði hann að stærsta fyrirtæki íslensku kauphallarinnar og um leið að stærsta banka landsins. Samkeppnisráð samþykkti samrunann með úrskurði 16. maí og gekk hann loks endanlega í gegn með samþykki hluthafafunda beggja banka 26. maí. Með samþykki Fjármálaeftirlitsins daginn eftir tók nýr sameinaður banki til starfa sem fékk nafnið Kaupþing Búnaðarbanki hf. Síðar varð hann nefndur KB banki og að endingu Kaupþing. Stærstu hluthafar eftir samrunan urðu Meiður ehf., Egla, Lífeyrissjóðir Bankastrætis 7¹⁴⁸ og sænska tryggingafélagið Länsförsäkringar.¹⁴⁹

Sameiginlegur hlutur S-hópsfélaganna í nýjum sameinuðum banka varð 15,32% en stærð eignarhlutarins var þó í reynd 24,21% þar

147 Kafli úr drögum af endurminningabók Sigurðar Einarssonar í varðveislu höfundar, dagsettur ágúst 2005.

148 Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 var fjárfestingafélag Lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins.

149 Vef. „20 stærstu hluthafar Kaupþings Búnaðarbanka hf. þann 28. maí 2003“, www.news.icex.is, 28. maí 2003, sótt 22. október 2013.

sem stjórnvöld höfðu ennþá yfirráð yfir 8,89% eignarhlut vegna síðari lotu kaupsamningsins. Hún gekk loks í gegn samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins í desember sama ár.¹⁵⁰

Niðurstöður

Einkavæðing íslensku ríkisbankanna komst á fullt skrið á síðari hluta tíunda áratugar síðustu aldar. Eftir að bankarnir voru hlutafélagavæddir árið 1997 seldi ríkið hluta af bréfum sínum í þeim í opnum áskriftarútboðum en á síðari stigum einkenndist salan af sölu stærri eignarhluta - kjölfestuhluta - í opnum útboðum. Þetta var í takt við stefnumótun stjórnvalda vegna sölu bankanna sem samþykkt var árið 1998. Því er ekki hægt að segja eins og haldið hefur verið fram í fyrri skrifum, að stjórnvöld hafi horfið frá „fyrri áformum um dreifða eignaraðild“ í bönkunum þegar þau ákváðu að bjóða kjölfestuhlut í þeim til sölu árið 2002.¹⁵¹ Þvert á móti var einmitt markmið stjórnvalda frá öndverðu að selja hlutafé með báðum söluaðferðum.

Eftir mislukkaðar tilraunir til að sameina Búnaðarbankann og Landsbankann í árslok 2000 og að selja kjölfestuhlut í Landsbankanum til erlendra fjárfesta á síðari hluta árs 2001, ákváðu stjórnvöld að bjóða kjölfestuhluti í bönkunum tveimur til sölu sumarið 2002. Það gerðist eftir að Samson menn hófu að sýna fulltrúum stjórnvalda og Landsbankans áhuga á bankanum með óformlegum hætti fyrri hluta árs 2002. Í júní sama ár, skömmu áður en einkavæðingarnefnd ákvað að auglýsa kjölfestuhlut í bönkunum til sölu, höfðu stjórnendur Búnaðarbankans kannað óformlega myndun á hópi fjárfesta til að kaupa ráðandi hluti í Búnaðarbankanum, en án árangurs. Könnun

150 Vef. „Fjármálaráðuneytið - Lokagreiðsla fyrir hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands“, www.news.icex.is, 29. desember 2003, sótt 22. október 2013.

151 Björn Jón Bragason, „Sagan af einkavæðingu Búnaðarbankans“, bls. 133.

þeirra leiddi þó í ljós að nokkur áhugi var á meðal fjárfesta fyrir því að eignast hlutafé í bankanum.

Eftir að einkavæðingarnefnd auglýsti kjölfestuhlutina til sölu hinn 10. júlí 2002 hafði Ólafur Ólafsson, stjórnarmaður í Keri og forstjóri Samskipa, frumkvæði að því að undirbúa þátttöku í söluferlinu innan S-hópsins. Kjölfestuhlutur í Landsbankanum var fyrsti valkostur hópsins þrátt fyrir að ekki væri síðri áhugi innan hans fyrir því að eignast slíkan eignarhlut í Búnaðarbankanum. Því lýsti hópurinn yfir áhuga á báðum bönkum á fyrsta fundi með einkavæðingarnefnd. Vegna gruns um að mögulega væri búið að velja Samson til frekari viðræðna um kaup á kjölfestuhlutnum í Landsbankanum tilkynnti Ólafur einkavæðingarnefnd að kaup í Búnaðarbankanum væri ákjósanlegri kostur fyrir hópin. Þrátt fyrir þetta tók S-hópurinn boði einkavæðingarnefndar um frekari viðræður um kjölfestuhlut í Landsbankanum ásamt Samson og Kaldbakshópnum.

Á sama tíma og viðræður stóðu yfir um sölu á kjölfestuhlut í Landsbankanum gerðu forsvarsmenn Landsbankans og fjögurra S-hópsfélaga - Samvinnutrygginga, Kers, Andvöku og Samvinnulífeyrissjóðsins - með sér kaupsamning þar sem félögin fjögur festu kaup á öllu hlutafé bankans í tryggingafélaginu VÍS. Fyrir viðskiptin höfðu báðir aðilar átt VÍS nánast að fullu. Viðskiptin áttu sér nokkurn aðdraganda sem rekja má allt aftur til þess tíma er Landsbankinn gerðist stór hluthafi í VÍS árið 1997. Ákvörðun stjórnvalda um að selja kjölfestuhlut í Landsbankanum setti framtíð eignarhalds VÍS í uppnám að mati forsvarsmanna S-hópsfélaganna sem vildu í kjölfarið kaupa allan hlut bankans í félaginu. Viðræður stóðu yfir um nokkurra vikna skeið uns Landsbankinn seldi hluta af hlutafé S-hópsfélaganna í VÍS í ágúst 2002. Litlu áður höfðu félögin afturkallað söluumboð bankans í kjölfar óvissu um eignahlutföll í VÍS eftir að Eignarhaldsfélag Brunabótafélags

Íslands hafði selt um 3% hlut sinn í félaginu til Kaupþings í Lúxemborg. Landsbankinn seldi því hlutaféð án umboðs að mati S-hópsfélaganna. Eftir nokkurra daga þóf um lögmæti sölunnar náðist sátt milli eigendanna með samningum um sölu á öllu hlutafé Landsbankans í VÍS til S-hópsfélaganna sem undirritaðir voru í ágústlok 2002. Tæpum tveimur mánuðum síðar gerðist VÍS aðili að S-hópnum þegar viðræður um sölu á kjölfestuhlut í Búnaðarbankanum fóru af stað.

S-hópurinn og Kaldbakur mættu hvor í sínu lagi til viðræðna um Búnaðarbankahlutinn þrátt fyrir umleitanir Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar stjórnarformanns Kaldbaks í gegnum Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra um að sameina hópana í einn. Einkavæðingarnefnd valdi loks S-hópin til samningaviðræðna á grundvelli úttektar HSBC bankans á fjárfestahópunum tveimur. Viðræðurnar enduðu með gerð rammksamkomulags og loks kaupsamnings sem undirritaður var 16. janúar 2003. Nýir kjölfestufjárfestar Búnaðarbankans með 45,8% eignarhlut urðu þá: Eglá hf., sem var að stærstum hluta í eigu Kers og þýska bankans Hauck & Aufhäuser, Samvinnutryggingar, Samvinnulífeyrissjóðurinn og VÍS. Hluthafasamkomulag sem var viðauki kaupsamningsins við stjórnvöld batt hópanna saman sem einn fjárfesti. Greitt var fyrir hlutinn með blöndu af eiginfjárframlögum og lánsfé úr Landsbankanum, sem allt var greitt tilbaka samkvæmt lánsamningum.

Framan af söluferli Búnaðarbankans var útlit fyrir að franskur bankinn Sociétés Générale, sem var ráðgjafi S-hópsins í ferlinu, yrði hluti af nýjum eigendahópi Búnaðarbankans. Hann var þó frá að hverfa á lokametrunum sökum mögulegs ímyndarskaða vegna mislukkaðrar yfirtöku hans á öðrum frönskum banka, Crédit Lyonnais. Einnig spilaði inn í ákvörðun bankans að umræða um bankasölu væri orðin einum of pólitísk hér á landi. Bankinn skuldbatt sitt hins vegar til að finna erlendan

aðila til að koma að kaupunum í sinn stað, enda hafði einkavæðingarnefnd sett það sem skilyrði að slíkur aðili yrði að vera hluti S-hópsins. Þegar fram í sótti var þýski bankinn Hauck & Aufhäuser fyrir valinu. Sá banki átti eignaraðild að Búnaðarbankanum, síðar KB banka, í gegnum hlut sinn í Eglu hf. fram í júní 2005. Fulltrúi bankans og framkvæmdastjóri, Peter Gatti, sat á meðan í tvö ár í bankastjórn KB banka sem fulltrúi Eglu og jafn lengi sem stjórnarmaður í félaginu sjálfu.

Forsvarsmenn Kaupþings biðu ekki boðana eftir að nýir eigendur höfðu tekið við stjórnartaumunum í Búnaðarbankanum og sendu ósk um samrunaviðræður einungis fáeinum dögum eftir aðalfund Búnaðarbankans hinn 22. mars 2003, en þá tók S-hópurinn við stjórnartaumunum í bankanum. Fram að þessu höfðu þreifingar átt sér stað með óformlegum hætti um mögulega bankasamruna á Íslandi og má sjá af heimildum að þar ræddust við stjórnendur stærstu íslensku bankanna: Landsbankans, Búnaðarbankans, Íslandsbanka og Kaupþings. Úrskurðir samkeppnisyfirvalda höfðu markað hvaða sameiningarkostir voru í raun og veru í boði og voru þeir tveir, annars vegar samruni Kaupþings og Landsbankans og hins vegar samruna Kaupþings og Búnaðarbankans – samruni viðskiptabanka og fjárfestingabanka. Kaupþing var því í lykilstöðu og raunar „vinsælasta stelpan í bænum“ eins og sagði í umfjöllun *Viðskiptablaðsins* um mögulegar samrunaþreifingar á íslenskum fjármálamarkaði um miðjan janúar 2003.¹⁵² Að endingu kusu forsvarsmenn Kaupþings að freista þess að ganga í eina sæng með Búnaðarbankanum og réði þar mestu hvort að nýir eigendur Búnaðarbankans myndu setta sig við það grundvallarforsendu að stjórnendur Kaupþings yrðu ráðandi aðilinn í stjórn sameinaðs banka. Slíkt var úrslitaatriði frá

152 Júlíus Fjeldsted, „Kaupþing í sigtinu“, *Viðskiptablaðið*, 15. janúar 2003, bls. 4.

sjónarhóli Kaupþings og á það féllst S-hópurinn í snörpum
viðræðum sem fóru fram snemma vors 2003.